FRÉTTABLAÐIÐ

239. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 10. NÓVEMBER 2020

Milljarðar í Kýótókostnað

Fyrirséð er að Ísland þurfi að kaupa mikið magn CO2-ígilda vegna skuldbindinga Kýótóbókunarinnar. Kostnaðurinn hleypur á milljörðum króna.

LOFTSLAGSMÁL Um áramótin lýkur skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar og nýtt tímabil, sem kennt er við Parísarsamkomulagið, hefst. Ljóst er að Ísland nær ekki að standa við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í bókuninni. Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar stefnir í að kaupa þurfi heimildir fyrir sem svarar um fjórum milljónum CO2-ígildistonna. Ekki er ljóst hver kostnaðurinn er en hægt er að fjárfesta í nokkrum gerðum heimilda sem eru á breiðu verðbili. Þó má fullyrða að kostnaðurinn verður talinn í milljörðum króna.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir að núverandi staða sé ekki góð fyrir Ísland og mikilvægt sé að draga lærdóm af henni. „Ástæðan fyrir þessari stöðu er sú að áætlanir fyrri ríkisstjórna voru ekki fjármagnaðar og ekki nægilega öflugar. Við erum að sjá afleiðingarnar af því núna, því miður," segir Guðmundur í skriflegu svari.

Hvorki hafi verið hugað að því tímanlega að draga úr losun né staðið við áform um að efla skógrækt og landgræðslu, sem eru dæmi um heimilar aðgerðir til kolefnisbindingar á móti skuldbindingunum.

Skipaður hefur verið starfshópur sérfræðinga úr nokkrum ráðuneytum til að vinna að lausn málsins. Litið er til Noregs sem hefur þegar keypt slíkar heimildir.

„Það tekur tíma fyrir aðgerðir í loftslagsmálum að ná árangri, hvort sem þær eru til dæmis í orkuskiptum eða kolefnisbindingu," segir Guðmundur. Það ætlar Ísland ekki að endurtaka og því hafi núverandi ríkisstjórn sett fram aðgerðaáætlun til að standa við ákvæði Parísarsamkomulagsins, sem sé fjármögnuð og metin af sérfræðingum. „Með aðgerðunum nú getum við staðið við skuldbindingar til 2030," segir Guðmundur.

Þrátt fyrir að lengi hafi verið ljóst í hvað stefndi hefur Ísland ekki enn fjárfest í losunarheimildum innan ramma Kýótóbókunarinnar eins og mörg önnur ríki. Skipaður hefur verið starfshópur sérfræðinga úr nokkrum ráðuneytum sem vinna að lausn málsins og hefur meðal annars verið leitað í reynslubanka Norðmanna sem hafa þegar keypt slíkar heimildir.

Ástæðan fyrir þessari stöðu er sú að áætlanir fyrri ríkisstjórna voru ekki fjármagnaðar og ekki nægilega öflugar. Við erum að sjá afleiðingarnar af því núna, því miður.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra

Til greina kemur að fjárfesta í svokölluðum CER-heimildum sem snúa að fjármögnun loftslagsvænna verkefna í þróunarríkjum, til dæmis byggingu orkuvera sem nýta endurnýjanlega orku, en einnig er hægt að kaupa einingar beint af þeim ríkjum sem hafa losað minna á tímabilinu en þeim var heimilt samkvæmt bókuninni.

Óvissan um verð helgast af því að lítill markaður er enn sem komið er um þessar einingar milli þjóðríkja og verðmyndun þar af leiðandi ekki eins og á eðlilegum mörkuðum. Evrópusambandið hefur hins vegar sett upp sérstakt viðskiptakerfi um losunarheimildir fyrir fyrirtæki í ákveðnum greinum, svokallað EST-kerfi. Þar eiga allnokkur íslensk fyrirtæki aðild og er sá markaður afar líflegur.

Rétt er að geta þess að íslenska ríkið getur ekki keypt einingar í því kerfi til að standast sínar skuldbindingar samkvæmt Kýótóbókuninni en verðþróunin á einingum gæti gefið ákveðnar vísbendingar.

Í EST-kerfinu myndu þær fjórar milljónir CO2-ígildistonna sem Ísland þarf að kaupa kosta um 16 milljarða íslenskra króna. Innan íslenskrar stjórnsýslu standa þó vonir til að verðmiðinn sem Ísland þarf að greiða verði með talsvert lægri upphæð en það ætti að koma í ljós á næstu mánuðum. – **þþ**

Jólaskrautið er víða nokkuð fyrr á ferðinni en áður. Fyrri ár hefur það verið sett upp um miðjan nóvembermánuð. Þó að enn séu 44 dagar til jóla er skrautið mjög góð leið til að lífga upp á skammdegið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Škoda Superb iV

Rafmagn & bensín

Verð frá **5.590.000 kr.**

Dæmi um búnað: hiti í stýri, bakkmyndavél, nálgunarvarar, lyklalaust aðgengi, þráðlaus hleðsla, stillanleg fjöðrun.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði stöðuna þunga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fimm létust um helgina

COVID-19 Fimm létust á Landspítalanum af völdum COVID-19 um helgina, tveir á laugardaginn og þrír á sunnudag. Í öllum tilfellum var um aldrað fólk að ræða.

Alls hafa 23 látist af völdum faraldursins hér á landi, þar af þrettán nú í haust. Tíu af þeim þrettán tengdust hópsýkingunni sem kom upp á Landakoti í lok október. Samkvæmt Landspítala má rekja hin þrjú andlátin til smits úti í samfélaginu. Sextán ný tilfelli greindust í fyrradag.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði á fundi almannavarna í gær að hærra hlutfall dauðsfalla mætti skýra með því að fleiri eldri einstaklingar hefðu veikst í þessari bylgju. Hyggst hann leggja fram nýjar tillögur varðandi sóttvarnaaðgerðir á næstu dögum. Mun hann leggja til að hægt verði farið í allar afléttingar.

52 starfsmenn Landspítala eru í einangrun, þar af liggja þrír á spítala.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði að alls væru 68 inniliggjandi á spítalanum, þar af þrír starfsmenn spítalans. 60 með virkt smit og átta með mótefni sem væru þó enn að glíma við alvarleg veikindi vegna COVID-19. Þá eru þrír á gjörgæslu og tveir í öndunarvél. Þá sagði hann að eitt andlát væri yfirvofandi. Sex liggja á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Páll býst við að Landspítalinn verði tekinn af neyðarstigi og settur aftur á hættustig í vikunni. Alls eru 52 starfsmenn spítalans í einangrun, þá er 91 í sóttkví.

Páll sagði að rannsókn á tildrögum og þróun hópsmitsins á Landakoti gengi vel og að næsta skref væri að afhenda Landlækni drög að skýrslu sem er tilbúin. Hann átti von á einhverjum athugasemdum frá embættinu en að hægt yrði svo að kynna almenningi niðurstöðurnar í lok vikunnar.

Á landinu öllu er 621 í einangrun og 1.060 í sóttkví. Þá eru rétt rúmlega þúsund manns í skimunarsóttkví vegna komu til landsins. **– uö, kdi**

Grímuklæddar í Kringlunni

Það var ekki mikið að gera á lokadegi Kringlukasts í gær, engar raðir voru í verslunum og ljóst var að flestir pössuðu sig á að halda sig í fjarlægð frá öðrum. Þá voru flestir með grímu eins og sjá má á myndinni. Fram kom á fundi almannavarna í gær að verslunareigendur ættu að búa sig undir það að fjöldatakmarkanir yrðu áfram við lýði um jólin. Mega nú fimmtíu vera í matvöruverslunum, færri í öðrum verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bóluefni Pfizer virkar í níutíu prósent tilfella

COVID-19 Bóluefni gegn COVID-19 á vegum lyfjarisans Pfizer/BioNTech virkar nú í 90 prósent tilfella, að því er greiningarvinna framleiðandans leiðir í ljós.

Samkvæmt tilkynningu lyfjaframleiðandans hafa engar alvarlegar aukaverkanir komið í ljós við prófun á efninu. Fyrirtækið vinnur áfram að prófun bóluefnisins og getur talan því farið niður. Öryggisprófanir munu standa yfir til þriðju viku í nóvember og þá hyggst lyfjarisinn framvísa gögnum til heilbrigðisyfirvalda til þess að fá bóluefnið samþykkt. Má búast við að fyrstu skammtar verði gefnir um áramótin.

Rannsókn lyfjarisans hefur ekki verið jafningjavottuð af öðrum vísindamönnum en Pfizer segir að svo verði gert þegar niðurstöður verða að fullu ljósar. **– oæg**

Fangar fá útborgað eftir hverja hugleiðslu

Í fangelsum stunda 25 fangar fjarhugleiðslu þar sem Tolli Morthens og félagar kenna þeim öndun og hugleiðslu. Tolli segir að með góðu samstarfi við fangelsisyfirvöld sé hægt að ná miklum og mögnuðum árangri með fanga.

SAMFÉLAG „Ég leyfi mér að fullyrða að sjaldan eða aldrei hafa jafnmargir fangar verið í uppbyggjandi og valdeflandi prógrömmum eins og við erum með þá í í dag," segir Tolli Morthens en hann hefur ásamt nokkrum öðrum verið með fjarhugleiðslu fyrir fanga.

Mikil ánægja er með starf þeirra innan veggja fangelsisins og segir Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsanna, að Tolli og félagar séu að bjarga mannslífum.

Tolli segir að 25 séu að jafnaði að hugleiða með sér, Bergsteini Jónssyni og Nikolai Engelbrecht sem eru einmitt að byrja með nýtt námskeið í vikunni fyrir fanga. „Þeir voru með sex daga námskeið í byrjun árs sem er mjög öflugt og flott námskeið. Árangurinn af því námskeiði var mjög góður, það er að segja, þegar menn fara í gegnum þessar æfingar þá verða menn fyrir mjög sterkri reynslu, hvað hver og einn býr yfir mikilli getu er varðar sjálfsheilun og valdeflingu. Þegar þessi vakning verður og er til staðar er svo áframhaldandi vinna eða eftirfylgni, bæði innan tólf spora samtakanna og síðan hefur geðheilbrigðisteymi Landlæknis eflt sína starfsemi þannig að virk tengsl við sálfræðinga eru miklu betri en hefur verið. Við erum að fá meira út úr bata hvers og eins fanga en hefur verið."

Hann segir að fjarhugleiðslan geti tengst inn í öll fangelsi en Fangelsismálastofnun lét þá félaga fá búnað til þess.

Tolli og félagar hlutuðust til um að innréttað yrði sérstakt hugleiðslu- og jógarými á Litla-Hrauni þar sem gamla bókasafnið var. „Það hentar líka fyrir viðtöl og aðra andlega iðkun. Við tókum bókasafnið og bjuggum til sal úr því sem er nú orðið mjög fínt rými. Við gáfum dýnur, púða, plöntur, teppi og málverk í samvinnu við húsið og græjuðum þetta. Þetta eru allt saman stórir plúsar," segir Tolli.

Tolli Morthens, Bergsteinn Jónsson og Nikolai Engelbrecht hafa verið með fjarhugleiðslu fyrir fanga að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ef við náum að bjarga einum fanga þá er það frábært.

Tolli Morthens

Hann vill að ríkisvaldið komi að málum enda sé aðeins hægt að halda sjálfboðavinnu svo og svo lengi. „Við erum á flekaskilum þar sem er verið að skilja á milli refsimenningar og batamenningar. Mér finnst við vera að fara í rétta átt.

Ef við náum að bjarga einum fanga þá er það frábært. Þetta er ekkert flókið. Megnið af þeim sem eru þarna inni eru einstaklingar sem eru að glíma við fíknivanda en eru manneskjur. Það er það sem við erum að vinna með. Við erum ekki að vinna með fanga, við vinnum með manneskjuna. Árangurinn er líka ekki okkar, árangurinn er þeirra – 100 prósent. Það er kjarninn í þessu. Við horfum fram hjá merkimiðanum.

Þetta er skemmtilegt og manni líður betur á eftir. Þú færð útborgað eftir hverja hugleiðslu. Þess vegna virkar þetta í fangelsunum. Þetta er bein upplifun og kemur ekkert seinna heldur strax."

benediktboas@frettabladid.is

SUZUKI

Way of Life!

AFHENDING SAMDÆGURS!*

*ÞÚ EKUR HEIM Á NÝJUM SUZUKI Á MEÐAN AÐ BIRGÐIR ENDAST

ÞÚ FÆRÐ EINA MILLJÓN FYRIR GAMLA BÍLINN, UPP Í NÝJAN SUZUKI S-CROSS 4X4

ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI OG ÞÚ EKUR HEIM Á NÝJUM SJÁLFSKIPTUM 4X4 SUZUKI S-CROSS

4X4

SUZUKI S-CROSS FJÓRHJÓLADRIFINN

VERÐ FRÁ KR.

5.490.000

Við aðstoðum þig við fjármögnun. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Suzuki S-Cross er fjórhjóladrifinn sportjeppi með aflmiklum og sparneytnum vélum og aksturseiginleika í sérflokki.

Aktu heim á nýjum Suzuki S-Cross og gerðu lífið og veturinn skemmtilegri.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Ólaunuð vinna kvenna metin á alls 600 billjónir króna

JAFNRÉTTISMÁL Konur um allan heim hafa að jafnaði bætt á sig 21 vinnustund á viku í ólaunaða heimilis- og umönnunarvinnu í kórónaveirufaraldrinum. Þetta er 21 stund til viðbótar við þann tíma sem konur verja nú þegar bæði í störf og í ólaunaða heimilis- og umönnunarvinnu.

Þetta kom fram á Heimsþingi kvenleiðtoga sem hófst í gær í Reykjavík og fer fram í dag og á morgun gegnum rafrænt streymi.

Dr. Felicia Marie Knaul, prófessor við Miller School of Medicine við Háskólann í Miami, hélt erindi á þinginu í gær en rannsókn hennar byggir á gögnum frá 49 löndum, þar á meðal frá Íslandi. Þar eru tekin saman gögn um ólaunað vinnuframlag kvenna ásamt kynbundnum launamun.

Konur um allan heim hafa að jafnaði bætt á sig 21 vinnustund í ólaunaða vinnu í faraldrinum.

Knaul hefur lengi rannsakað stöðu kvenna í heilbrigðismálum, bæði sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna, og komst að þeirri niðurstöðu að ólaunuð umönnunarvinna

Felicia Knaul, prófessor við Háskólann í Miami

kvenna séu metin á 4,4 billjónir dollara, eða rúmar 600 billjónir íslenskra króna. Billjón er þúsund milljarðar. Upphæðin nemur um fjögur til sex prósent af allri heimsframleiðslu.

„Ólaunuð heilbrigðis- og umönnunarstörf eru að miklu leyti dulið framlag í heilbrigðis- og félagskerfinu. Þessi vinna er enn þann dag í dag ekki viðurkennd og nýtur engrar verndar og er að mestu leyti unnin af hendi kvenna," sagði Knaul í fyrirlestri sínum í gær. **– ilk**

Héraðsdómur sýknar Orku náttúrunnar

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Orku náttúrunnar, ON, af öllum kröfum Áslaugar Thelmu Einarsdóttur, fyrrverandi forstöðumanns einstaklingssviðs, um ólögmæta uppsögn og kynbundinn launamun. Vísir greindi fyrst frá.

Áslaug Thelma Einarsdóttir.

Áslaug höfðaði mál gegn ON í kjölfar uppsagnar sinnar í september 2018 í tengslum við meint afglöp Bjarna Más Júlíussonar, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins.

Bjarna var sagt upp samhliða ásökunum Áslaugar og var það niðurstaða Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar frá 2018 að uppsagnir þeirra hefðu verið réttmætar.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Áslaugar, segist ekki hafa verið boðaður í uppkvaðningu málsins.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að sá launamunur sem Áslaug benti á hafi ekki verið vegna kynferðis hennar heldur skorts á starfsreynslu hjá fyrirtækinu. Þá kemur fram að hún hafi verið hæst launuð allra forstöðumanna hjá félaginu.

Sigurður G. Guðjónsson lögmaður Áslaugar, segist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa verið boðaður í uppkvaðningu málsins og gat því ekki tjáð sig að svo stöddu. **– atv**

Vill að löggjöf verði sett um þvingandi meðferð sjúklinga

Heilbrigðisráðherra áformar að setja löggjöf um þvingandi meðferð sjúklinga, svo sem einangrun og þvingaða lyfjagjöf. Meginreglan verði að takmarka hana. Landlæknir tekur ekki undir áskorun Geðhjálpar um að gera Ísland að þvingunarlausu landi. Erlendar eftirlitsstofnanir gagnrýna núverandi ástand.

HEILBRIGÐISMÁL Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hyggst leggja fram frumvarp er lýtur að þvingandi meðferð gagnvart frelsissviptum sjúklingum. Skýrar reglur hefur vantað um þetta á Íslandi og geðheilbrigðisstofnunum verið falið að taka ákvarðanir. Undir þvingandi meðferð getur meðal annars fallið einangrun, herbergisdvöl, virkt eftirlit, líkamleg tilfærsla og lyfjagjöf.

Í nýlegu átaki Geðhjálpar skora samtökin á stjórnvöld að útiloka nauðung og þvingandi meðferð. Í Fréttablaðinu í síðustu viku sagði Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar, að Ísland gæti brotið blað og orðið fyrirmynd annarra landa hvað þetta varðar. En sagði þó að ýmsar lagabætur hefðu þegar verið gerðar á undanförnum árum.

Í áformum ráðherra kemur fram að þvingandi meðferð verði aðeins beitt í algerum undantekningartilvikum, meðalhófs verði gætt við ákvarðanir og að eftirlit verði haft við beitingu slíkrar meðferðar. Þegar hafi verið reynt að takmarka tímalengd og umfang þvingunar og ætlunin nú sé ekki að auka heimildir til þvingunar.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til Embættis landlæknis er tekið undir að þvingandi úrræðum verði aðeins beitt í undantekningartilvikum en ekki undir málstað Geðhjálpar um að útiloka þau. „Mannréttindadómstóll Evrópu hefur staðfest, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að þvinganir og sviptingar séu réttlætanlegar," segir í svarinu. „En til þess að lögmæti slíkra úrræða sé tryggt er einmitt mikilvægt að skýr lagarammi sé til staðar."

Ísland fékk ákúrur eftir heimsókn eftirlitsaðila á geðdeildirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur staðfest, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að þvinganir og sviptingar séu réttlætanlegar.

Embætti landlæknis

Tveir erlendir eftirlitsaðilar hafa gagnrýnt Ísland fyrir núverandi framkvæmt þvingana. Þetta eru OPCAT, eftirlitsstofnun með samningi gegn pyndingum og vanvirðandi meðferð sem 90 þjóðir heimisins hafa undirritað, og CPT sem er sambærileg stofnun Evrópuráðsins.

Báðar stofnanir hafa sagt að lagastoð skorti fyrir þvingandi meðferð, sem og umboðsmaður Alþingis í skýrslu sem hann ritaði eftir vettvangsskoðun OPCAT hér á landi, meðal annars á geðdeildinni á Kleppi og réttargeðdeild. Í þeirri skýrslu kom hins vegar ekki fram að frelsissviptir sjúklingar væru beittir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð á Íslandi, en að farið hefði verið út fyrir lagarammann.

„Af hálfu stjórnenda deildanna hefur inngrip í frelsi og friðhelgi einkalífs sjúklinganna, umfram það sem leitt verður af núgildandi lagaheimildum, jafnframt verið talið nauðsynlegt við ákveðnar aðstæður, svo sem með vísan til öryggissjónarmiða," segir umboðsmaður í skýrslunni sem birt var fyrir rétt rúmu ári. Kom einnig fram að á geðdeildunum hefðu verið skráð 68 ofbeldistilvik á fyrstu tíu mánuðum ársins 2018.

„Það er vafalaust hagsmunum þessa sjúklingahóps til bóta og í betra samræmi við mannréttindaákvæði að setja um þetta reglur," segir í svari Landlæknis. „Sömuleiðis væri það til hagsbóta fyrir heilbrigðisstarfsmenn sem þurfa að koma að mati og ákvörðunum í málum sem þessum. Það er því mikilvægt að hafa skýr lög."

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI Jeep®

RAM

FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun **ÍSBAND** býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ÍSBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

SINGLES DAY TILBOÐ

Jara er stílhreinn og þægilegur sófi

Jara er nútímalegur þriggja sæta sófi í skandinavískum stíl. Sessurnar eru notalegar, áklæðið mjúkt viðkomu og einstaklega endingargott (100.000 martyndale).



Jara / Með ljósgráu Corsica tauáklæði
Verðlistaverð: 195.000 kr.
Singles day tilboðsverð:
99.900 kr.

vitra.

Trays / Jasper Morrison
Verðlistaverð: 18.900 kr.
Singles day tilboðsverð:
12.900 kr.



vitra.

House Bird - hvítur
Verðlistaverð: 24.900 kr.
Singles day tilboðsverð:
14.900 kr.

Kinnarps

6242 / Kinnarps
Verðlistaverð: 162.375 kr.
Singles day tilboðsverð:
99.900 kr.

FJÖLDI TILBOÐA Á penninn.is/is/singles-day-hd

Opið virka daga 8:00–18:00: Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði // www.penninn.is

Penninn Húsgögn

Segir Reykjavík enn höfuðborg

MOSFELLSBÆR „Reykjavík er enn höfuðborg landsins, stærsta sveitarfélagið en umfram allt stór hluti af höfuðborgarsvæðinu öllu," segir í bókun Jóns Péturssonar, fulltrúa Miðflokksins í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar.

Jón Pétursson, fulltrúi Miðflokks í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar.

Tilefni bókunar Jóns var kynning á auglýstum tillögudrögum vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. „Það er með engu hægt að sjá að tekið sé tillit til meginsjónarmiða annarra íbúa landsins heldur er þéttinga og samgönguútópía rituð á blað," bókar hann.

Fulltrúi L-lista Vina Mosfellsbæjar segir í sinni bókun að í skjalinu sé ekki að finna orðið Sundabraut. Hins vegar sé orðið Borgarlínu að finna hundrað þrjátíu og átta sinnum í skjalinu. **– gar**

Fyrirliggjandi breytingar eru að aðkomunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðkoman að Gljúfrasteini mun breytast

MOSFELLSBÆR Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar tók fyrir deiliskipulagsbreytingu fyrir nýja aðkomu að Gljúfrasteini og bílastæði við Jónstótt í síðustu viku. Breytingin felur í sér lítils háttar breytingu á mörkum deiliskipulags Þingvallavegar í Mosfellsdal við Jónstótt.

Breytingin er gerð til að skapa svigrúm fyrir bílastæði og aðkomu rútubifreiða fyrir Laxness-safnið. Aðkomuvegur endar í bílastæðaplani með hringakstri fyrir rútur og bíla. Þar er komið fyrir um 20 bílastæðum og þremur rútustæðum, ásamt göngustígum, áningarstað og hjólastæðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að handrið verði sett á brú yfir Köldukvísl af öryggisástæðum fyrir gangandi.

Kjartan Jónsson skilaði inn andmælum við breytingunni, en athugasemdin varðar not á núverandi aðkomuvegi Jónstóttar. Um er að ræða hluta gamla Þingvallavegar sem liggur í landi Kjartans. Athugasemdin byggir á að ekki hafi verið samið við landeiganda. Í ljósi þess að viðræður eru hafnar milli Reynis Karlssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir hönd Vegagerðarinnar, við landeiganda um landið og aðkomu Jónstóttar samþykkir skipulagsnefnd tillöguna og telur ekki að gera þurfi breytingar á henni. **– bb**

Smitaður um borð í Norrænu

COVID-19 Einn einstaklingur er smitaður um borð í Norrænu sem kemur til Seyðisfjarðar í dag. Smitið var greint við brottför í Hirtshals í Danmörku. Þetta kemur fram í tilkynningu frá aðgerðastjórn Austurlands.

Einstaklingurinn smitaði hefur verið í einangrun um borð og ekki talið að aðrir séu útsettir fyrir smiti. Sé um nýtt og virkt smit að ræða heldur hann áfram í einangrun og nýtur þá reglulegs eftirlits hjá heilbrigðiskerfinu. **– bb**

Áframhaldandi mótmæli í Hvíta-Rússlandi

Lögreglumaður í Hvíta-Rússlandi gefur mótmælanda fyrirskipanir á mótmælafundi í höfuðborginni Minsk á sunnudaginn. Mótmælendur fara fram á að Alexander Lúkasjenkó, forseti landsins til 26 ára, segi af sér og boði til kosninga. Mótmælin hafa staðið allar helgar frá því í ágúst þegar Lúkasjenkó var endurkjörinn með 80 prósenta fylgi, samkvæmt opinberum tölum. Stjórnarandstaðan telur þær tölur ekki réttar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sveitarfélagið Ölfus missir þrjá til fimm héraðsvegi á ári

Með breyttu byggðamynstri hefur héraðsvegum í umsjón Vegagerðarinnar fækkað umtalsvert. Sveitarstjórn Ölfuss telur Vegagerðina ganga fullhart fram í aðgerðum sínum og að vegirnir séu mikið notaðir. Framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni segir notkun héraðsvega ekki skipta máli hvað skilyrði varðar.

SAMGÖNGUR Sveitarfélagið Ölfus hefur ítrekað kvartað yfir því við Vegagerðina að héraðsvegir séu teknir af vegaskrá þegar ábúð á jörð lýkur. Ekki sé tekið tillit til breytts byggðamynsturs. Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, segir sveitarfélagið fá mörg erindi frá Vegagerðinni hvað þetta varðar á hverju ári.

„Okkur þykir Vegagerðin ganga fullhart fram í sínum aðgerðum og bendum á að nýting jarða í kraganum í kringum borgina er að breytast nokkuð hratt," segir Elliði. Ungt fólk velji sér í auknum mæli búsetu á þessum svæðum, bæði í þéttbýlinu og dreifbýlinu. „Það er ekki gott að Vegagerðin nýti hvert einasta tækifæri þegar millibilsástand verður til að taka vegi af skrá."

Þegar vegur er tekinn af vegaskrá sér Vegagerðin ekki lengur um viðhald. Fellur það þá á landeiganda. Í tilfelli Ölfuss segir Elliði þetta vera þrjá til fimm vegi á ári sem teknir eru af skrá.

„Við höfum skilning á að Vegagerðin hafi fullt í fangi, og erum tilbúin til uppbyggingar með þeim, en við teljum að það mætti gefa meira svigrúm," segir Elliði. Þessar aðgerðir geti hugsanlega latt fólk frá því að setjast að á jörðunum. Vissulega hafi stærri búum fækkað en fólk sé í auknum mæli með blandaðan búskap á jörðum og nýti jarðirnar á einhvern máta.

„Þetta eru mikið notaðir vegir," segir Elliði og er bjartsýnn á að það finnist lausn. Ölfus sé ekki eina sveitarfélagið sem sé að kljást við þetta.

Með breyttu dreifbýlismynstri hefur vegaskráin breyst mikið undanfarna áratugi. Á tíu ára tímabili, 2004 til 2014, voru 922 vegir teknir af skrá. Heildarlengd þeirra var rúmlega 584 kílómetrar, sem er um það bil vegalengdin frá Reykjavík til Raufarhafnar. Stærsti hlutinn var í Norðvesturkjördæmi, 334 vegir og 218 kílómetrar. Í Skagafirði voru 76 vegir skornir niður.

Á tíu ára tímabili voru rúmlega 900 héraðsvegir teknir af skrá, eða rúmlega 580 kílómetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Okkur þykir Vegagerðin ganga fullhart fram í sínum aðgerðum.**
>
> Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss

Stefán Erlendsson, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni, segir verklagið þannig að reglulega sé kannað hvort vegir uppfylli skilyrði laga um fasta búsetu. Ef svo er ekki séu vegir teknir af skrá næstu áramót á eftir.

„Það er því alltaf einhver frestur sem fólk hefur til að bregðast við," segir hann. Hefjist ábúð að nýju fari vegurinn ekki sjálfkrafa aftur inn á skrána heldur þurfi að sækja sérstaklega um það.

„Það breytir í sjálfu sér engu hvort umferðin sé mikil um viðkomandi veg, sem getur verið af ýmsum ástæðum," segir Stefán um héraðsvegina. Annað gildi um svokallað tengivegi, sem geti legið að fjölsóttum ferðamannastöðum.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Hvernig geta aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 hjálpað þér?

Kynntu þér málið á Skatturinn.is

Í ljósi heimsfaraldurs kórónuveiru hafa stjórnvöld ákveðið ýmis úrræði til að mæta efnahagslegum áhrifum faraldursins. Úrræðin snúa bæði að einstaklingum og fyrirtækjum og Skatturinn sér um framkvæmd margra þeirra.

Dæmi um úrræði:

Einstaklingar

- Endurgreiðsla virðisaukaskatts
- Sérstakur barnabótaauki – var ákvarðaður við álagningu í lok maí 2020
- Úttekt séreignarsparnaðar

Atvinnurekstur

- Greiðsla hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti
- Lokunarstyrkir (vegna mars-maí)
- Lokunarstyrkir (frá 18. september – umsókn er í smíðum)
- Tekjufallsstyrkur (umsókn er í smíðum)
- Frestun á greiðslu álagðs tekjuskatts lögaðila 2020
- Heimild til niðurfellingar álags á virðisaukaskatt
- Gistináttaskattur felldur niður tímabundið
- Lækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki (bankaskatts)
- Frestun gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds
- Tollafgreiðslugjald fellur niður tímabundið

Leitaðu nánari upplýsinga á *Skatturinn.is*, í þjónustusíma 442 1414 eða með tölvupósti til *covid@skatturinn.is*

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Norwegian býður flugferðir frá Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Segja varasamt að kaupa farmiða með Norwegian

FLUGMÁL „Norwegian er í þeirri stöðu að þurfa mjög á fé að halda. Það ættu farþegar að hafa hugfast," segir Jacob Pedersen, sérfræðingur í flugmálum hjá Sydbank í Danmörku, í viðtali við Danmarks Radio um erfiða stöðu norska flugfélagsins.

Eins og önnur flugfélög hefur Norwegian glímt við mikla rekstrarerfiðleika vegna kórónaveirufaraldursins auk þess sem staða félagsins var veik áður en faraldurinn hófst. Í gær tilkynnti forstjóri félagsins, Jacob Schram, að norska ríkið hefði nú tekið fyrir frekari fjárhagsaðstoð til flugfélagsins.

Norwegian hefur óskað eftir milljörðum í fjárhagsaðstoð og ríkisstjórnin telur að við þessar aðstæður sé það ekki verjandi notkun á sameiginlegum sjóðum," segir í fréttatilkynningu frá Iselin Nybø, atvinnumálaráðherra Noregs.

„Þetta er eins og að vera kýldur í magann," sagði Schram á blaðamannafundi í gær. „Ég hef enga tryggingu fyrir því að við höfum þetta af. En ég hef trú og von."

Norwegian hefur um árabil boðið flug til og frá Íslandi við góðan orðstír. Um þessar mundir er þó ekki hægt að kaupa farmiða með félaginu til og frá landinu fyrr en í febrúar. Miðað við tíðindin í gær virðist rétt fyrir væntanlega viðskiptavini að hafa varann á sér eins og Jesper Pedersen hjá Sydbank bendir á. „Þetta væri ekki fyrsta félagið sem ég myndi velja að fljúga með," segir hann við Danmarks Radio.

Pedersen segir enn fremur við DR að Norwegian horfi nú niður í hyldýpi og að í núverandi stöðu tæmist sjóður félagsins áður en langt verði liðið á árið 2021. Fólk ætti að hugsa sig vel um áður en það kaupi farmiða með félaginu.

Vagn Jelsøe frá Neytendaráðinu í Danmörku lýsir einnig áhyggjum við DR um framtíð Norwegian og útskýrir fyrir DR að ferðaábyrgðasjóður spanni ekki allt. Til dæmis sé nú aðeins jafnvirði 2,2 milljarða íslenskra króna eftir í sjóðnum vegna gjaldþrota flugfélaga og viðskiptavinirnir beri líka sjálfsábyrgð upp á jafnvirði tæplega 22 þúsunda íslenskra króna.

„Ef maður freistast til að kaupa Norwegian-miða verður maður að gera sér grein fyrir hættunni á því að hluti upphæðarinnar geti tapast við gjaldþrot," segir Jelsøe við DR. **– gar**

Joe Biden, Kamala Harris og makar þeirra fögnuðu innilega í Wilmingtonborg á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Baráttan við COVID forgangsmál hjá Biden

Joe Biden hefur þegar skipað ráðgjafarteymi til að takast á við COVID-19 faraldurinn, leitt af fyrrverandi landlækni Bandaríkjanna, eftir stjórnarskipti. Mikill stígandi er í faraldrinum og met slegið í fjölda tilfella á degi hverjum.

BANDARÍKIN Joe Biden, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, mun gera baráttuna við heimsfaraldurinn að forgangsmáli og gerbreyta því hvernig tekist verður á við hann. Biden komst yfir 270 kjörmanna múrinn um miðjan dag á laugardag með sigrum í Pennsylvaníu og Nevada. Enn liggja ekki fyrir úrslit í fjórum fylkjum, Arisona, Norður-Karólínu, Alaska og Georgíu, en í því síðastnefnda verður að öllum líkindum endurtalning.

Stjórnarskiptateymi Bidens tilkynnti nýja ráðgjafarnefnd vegna faraldursins sem Vivek Murty, fyrrverandi landlæknir, mun fara fyrir. Smitrakning og prófanir verða stórauknar, aukið fjármagn sett í bóluefnisrannsóknir og ókeypis dreifingu þegar bóluefni verður tilbúið, grímuskylda verður aukin og tekist á við lækningavöruskort á spítölum. Loks munu Bandaríkin ganga aftur inn í Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, WHO, sem Donald Trump sagði skilið við og samvinna aukin við aðrar þjóðir til að takast á við heimsfaraldurinn.

Verkefnið er hins vegar ærið. Í Bandaríkjunum er faraldurinn í mikilli uppsveiflu og dauðsföllum fjölgar með hverjum deginum. Meira en 5.000 Bandaríkjamenn hafa dáið af völdum faraldursins síðan á kjördag og flest fylki slá smitmet dag eftir dag.

Þó að Biden hafi þegar unnið

» Búist er við að 135 þúsund Bandaríkjamenn látist úr COVID-19 þangað til að Joe Biden tekur við embætti.

kosningarnar tekur hann ekki við embætti fyrr en 20. janúar. Nú þegar hafa 244 þúsund Bandaríkjamenn látist af völdum COVID-19. Sérfræðingar búast við því að 135 þúsund látist til viðbótar fram þeim degi, en þangað til situr Donald Trump enn sem forseti og neitar að viðurkenna úrslitin.

Í bandarískum fjölmiðlum er mikið rætt um ástandið innan Hvíta hússins og Trump sjálfan. Sagt er að margir úr hans innsta hring þrýsti á að hann haldi áfram með málaferlin, sem engu hafa skilað hingað til. Aðrir, svo sem forsetafrúin Melania og tengdasonurinn Jared Kushner, þrýsta nú á Trump að sætta sig við orðinn hlut. Flestir þjóðarleiðtogar heimsins séu búnir að óska Biden til hamingju með sigurinn, sem og allir fyrrverandi forsetar, þar á meðal George W. Bush, samflokksmaður hans.

Sumir skýrendur halda því hins vegar fram að Trump viti vel að honum verði ekkert ágengt með málaferlin. Þau séu einungis partur af leikriti til að fá stuðningsmennina til að halda á lofti ákveðinni orðræðu, allt til ársins 2024 þegar Trump muni bjóða sig fram á ný.

Joe Biden mun ekki hafa jafn frjálsar hendur og Trump þegar hann tók við embætti, því að Demókratar munu sennilega ekki ná að velta meirihluta Repúblikanaflokksins í öldungadeildinni úr sessi. Það mun ráðast í tveimur einvígjum í Georgíu þann 5. janúar. Þá er meirihluti Demókrata í fulltrúadeildinni einnig laskaður. Biden á hins vegar í góðu sambandi við Mitch McConnell, leiðtoga öldungadeildarinnar, og er vel þekktur fyrir að vinna vel með Repúblikönum að þingmálum. Einnig er talið að Biden muni nýta sér forsetatilskipanir í miklum mæli, líkt og forveri hans gerði, en Biden hefur sagst ætla að snúa mörgum tilskipunum Trumps við.

Enn stendur talning yfir á póstvafaatkvæðum og óvíst hvenær henni lýkur. Ljóst er að með forsetakosningunum er brotið blað af ýmsum ástæðum. Joe Biden verður elsti forseti til að taka við embætti, 78 ára. Varaforseti hans, Kamala Harris, verður fyrsta konan, fyrsti þeldökki einstaklingurinn og sá fyrsti suðurasíski til að gegna embættinu. Þá var kosningaþátttakan í kringum 70 prósent, sú mesta frá þarsíðustu aldamótum, og fékk Biden flest atkvæði allra forseta í sögunni, meira en 75 milljónir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Bretar skoða styttri sóttkví fyrir jólin

BRETLAND Sóttkví í Bretlandi verður mögulega stytt niður í fimm daga fyrir jólin. Þetta segir Grant Shapps, samgöngumálaráðherra landsins, um nýja skimunarstefnu sem verið er að skoða.

Shapps fullyrti að „góður árangur" hefði náðst í átt að flugvallarskimunum sem verða prófaðar í byrjun desember þegar samkomutakmörkunum í Bretlandi lýkur.

Í áætluninni er kostnaður við skimun greiddur af farþegum við komu til landsins. Greinist þeir neikvæðir fyrir smiti sleppa þeir við þá 14 daga sóttkví sem nú er í gildi.

Grant Shapps, samgöngumálaráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Eftir að samkomutakmörkunum lýkur ætti þetta að hvetja mun fleiri til að bóka flug, vitandi að það er valkostur sem býður upp á styttri sjálfseinangrun," sagði Shapps á blaðamannafundi í gær. „Við munum gefa forsætisráðherra skýrslu með tilmælum um hvernig við getum best stutt við ferðaþjónustu og auðvitað aukið traust neytenda."

Þá sagði Shapps að bresk yfirvöld væru að vinna með öðrum löndum að flugvallarskimun sem framkvæmd yrði fyrir brottför og gæti stytt sóttkvína enn frekar. **– atv**

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir

Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
209.900 kr.

Ný sending var að koma í hús, allir litir til. Komdu núna.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Valdaskipti

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Ljóst er að Joseph Robinette Biden Jr. verður 46. forseti Bandaríkjanna frá og með 20. janúar næstkomandi. Þrátt fyrir að Donald Trump, sitjandi forseti, ætli sér að gera allt í sínu valdi til að hafa umskiptin sem erfiðust og óvinsamlegust er ekki annað að sjá en að þetta verði niðurstaðan.

Við fréttirnar buðu fjölmörg vestræn ríki Bandaríkin aftur velkomin í alþjóðlegt samstarf og þungu fargi er af okkur mörgum létt.

Ég er varla sú eina sem táraðist yfir ræðu Kamölu Harris sem við hlið Bidens verður fyrsta konan til gegna embætti varaforseta. Ekki aðeins var magnað að upplifa þetta sögulega augnablik sem var orðið óþægilega tímabært, heldur varð maður hrærður yfir ræðum þeirra Bidens og Harris af fleiri ástæðum.

Í ræðunum töluðu þau bæði minnst um sig sjálf. Þau töluðu um kjósendur, um þjóðina og um framtíðina. Og þau þökkuðu fyrir sig. Eftir það sem á undan er gengið var tónninn einn og sér ótrúlegur léttir. Svolítið eins og lækkað hefði verið í útvarpinu, tónað niður í gjamminu. Og það sem var enn meiri léttir, hvorugt þeirra minntist á þann sem enn hangir á dyrakörmunum í Hvíta húsinu og ætlar ekki að hafa þessa flutninga í góðu, gáfu honum ekki pláss.

Feginleiki margra er mikill en það er þó skondið að hugsa til þess að víða um heim hafi brotist út fagnaðarlæti yfir því að 78 ára gamall hvítur karl, sem áður hefur tvisvar boðið sig fram til forseta, taki við keflinu sem einn valdamesti maður heims. Karl sem meðal annars hefur orðið uppvís að ritstuldi, ótrúlega klaufalegum athugasemdum, meðal annars um málefni er varða kynþætti, og jafnvel verið ásakaður um óviðurkvæmilega framkomu gagnvart konum.

Það er nefnilega ekki úr háum söðli að detta. Stemningin sem Donald Trump hefur boðið upp á undanfarin fjögur ár hefur einkennst af óróa, sundrungu, lygum og hroka.

Á meðan heimsfaraldur geisar og vex ásmegin gefur nýr forseti mikilvæga von um heim allan en þrátt fyrir það búast líklega fáir við stórkostlegum framförum í valdatíð Demókratans sem ólst upp í Scranton í Pennsylvaníu á fimmta áratugnum.

Það verður þó ekki litið fram hjá því að Biden, sem setið hefur á þingi í rúm 50 ár og þjónaði Barack Obama vel sem varaforseti í átta ár meðal annars með mikilvægri ráðgjöf í samskiptum við þingið, býr að mikilli reynslu. Eitt aðalsmerkja hans er að hann hefur í þinginu unnið þvert á flokka og þannig náð að koma fjölmörgum málum í gegn. Með samvinnu. Í ræðu sinni um helgina lofaði hann að vera slíkur forseti, forseti allrar þjóðarinnar og ala á samstöðu en ekki sundrungu.

Joe Biden bíða stór verkefni og tiltekt eftir það sem sumir myndu kalla skemmdarverk forvera hans. Bandaríkin verða undir hans stjórn aftur virk í alþjóðlegu samstarfi þegar kemur að aðkallandi málefnum sem varða alþjóðastjórnmál, innflytjendur, heilbrigðismál og baráttuna gegn loftslagsvánni.

Til þessa hefur hann svo sér við hlið öfluga konu sem, þegar fram líða stundir, fetar vonandi í fótspor hans og verður forseti. Þá fyrst getum við fagnað!

Eftir það sem á undan er gengið var tónninn einn og sér ótrúlegur léttir. Svolítið eins og lækkað hafi verið í útvarpinu, tónað niður í gjamminu.

Halldór

Frá degi til dags

Hátíðisdagar

Við erum heppin að eiga svona marga hátíðisdaga, sem fer nú fjölgandi. Á morgun er Singles' Day, eða dagur einhleypra. Hann felst í því að tilboð koma inn í vefverslanir sem þýðir að það verður lítil breyting á hátíðahöldum í ár. Það er þó aðra sögu að segja af Svarta fössaranum, eða Black Friday, sem fram fer 27. nóvember. Heilbrigðisráðuneytið er tregt að veita undanþágu til að leyfa fjögur þúsund manns að troðast á sama tíma inn í Elko. Þess í stað er Vegagerðin með til skoðunar að loka Reykjanesbrautinni frá Hafnarfirði til Smáratorgs svo að hægt sé að halda daginn hátíðlegan.

Heilaskefill og félagar

Hátíðir sem þessar eru mikilvægar svo aðrar hátíðir fari ekki úr skorðum. Unnið er að drögum að því hvernig hleypa megi jólasveinunum til byggða. Verða þeir nú aðeins tíu vegna fjöldatakmarkana, þá koma þeir á tveggja daga fresti til að tryggja fjarlægð. Sá fyrsti verður Tveggjametrastaur, þar á eftir koma Fordæmalaus og Hamstur. Gluggagægir og Hurðaskellir halda sínum nöfnum. Heilaskefill, sem heitir eftir sýnatökupinnunum, er sá sjötti. Þar á eftir koma Sprittgámur, Grímuþefur og Sóttkvíabrjótur. Á aðfangadag kemur svo Ónæmissnikir. Þetta verða vægast sagt spes jól.

arib@frettabladid.is

Við þurfum vilja, hugvit og fjármagn

Guðmundur Andri Thorsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Á byrga leiðin sem við í Samfylkingunni kynntum á dögunum hefur að geyma 33 tillögur sem miða að því að fjölga markvisst störfum, bæði í almannaþjónustu og einnig í einkageiranum, á grænum forsendum.

Við viljum létta betur undir með atvinnuleitendum og fjölskyldum þeirra – hækka atvinnuleysisbætur meira en núverandi stjórnvöld. Við leggjum til atvinnuörvandi skattalækkanir á lítil og meðalstór fyrirtæki til að auka svigrúm þeirra til að ráða fólk. Við teljum að hægt sé að skapa, með markvissum aðgerðum, fimm til sjö þúsund ný störf. Til þess þarf vilja, hugvit og fjármagn.

Við viljum lækka jaðarskatta hjá barnafólki og þeim sem treysta á lífeyri sér til framfærslu. Það snýst um réttlæti og sanngirni – en er líka prýðileg hagfræði, því að slíkt myndi örva neyslu þeirra sem nú geta ekkert leyft sér umfram brýnustu nauðsynjar.

Við viljum takast á við stærstu ógn samtímans, loftslagsvandann, enda þurfa öll stjórnmál að snúast um grænar lausnir – klukkan tifar.

Til þess þurfum við að virkja – vilja, hugvit og fjármagn. Við þurfum að beina fjármagni í þá átt þar sem það nýtist vel, landi og lýð til heilla, og styður við sjálfbæran rekstur í öllum skilningi þess orðs – rekstur sem byggist á hugviti og nýjum lausnum sem er alveg áreiðanlega að finna hjá fólki um allt land.

Í þessu skyni viljum við gera eins og aðrar Norðurlandaþjóðir og koma á fót stórum grænum fjárfestingasjóði. Hann myndi gera margt í senn: styðja við hugvitsmenn sem vilja þróa áfram ýmsar grænar lausnir á margháttuðum vanda sem blasir við okkur: nýjar afhjúpanir Stundarinnar á upploginni endurvinnslu á plasti og gleri sýna að þar er aldeilis verk að vinna fyrir okkur, um allt land. Þarna vantar vilja, hugvit og fjármagn.

Slíkur sjóður gæti, ef vel tekst til, stuðlað að grænni atvinnubyltingu hér á landi.

Í þessu skyni viljum við gera eins og aðrar Norðurlandaþjóðir og koma á fót stórum grænum fjárfestingasjóði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Raddir innflytjenda

Hermundur Sigmundsson prófessor
Norska tækni- og vísindaháskólanum og Háskólanum í Reykjavík

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri Almannaróms – Miðstöðvar máltækni fyrir íslensku

Vald á íslenskri tungu, að geta lesið og tjáð sig, hvort sem er á töluðu eða rituðu máli, er forsenda aðgangs að samfélaginu og þeim tækifærum sem það býður. Íslendingar leggja áherslu á jöfn tækifæri allra til náms og virkrar þátttöku á öllum skólastigum. Skýrsla innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar frá árinu 2019 sýnir hins vegar að rúmlega 92% barna innflytjenda þurfa mikla aðstoð til að efla færni sína og kunnáttu í íslensku, möguleikar þeirra til að takast á við nám á íslensku eru því minni en möguleikar þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli. Þá sýna niðurstöður PISA frá árinu 2018 að börn innflytjenda á Íslandi skora lægst af börnum innflytjenda á Norðurlöndunum. Þegar þjóðir heimsins eru bornar saman blasir hins vegar við að leiðin til að tryggja sem flestum jöfn tækifæri í lífinu er jafn aðgangur að gæðamenntun.

Við búum í framsæknu samfélagi sem við viljum að allir geti tekið virkan þátt í. Til að svo megi verða þurfa raddir allra landsmanna að heyrast. Á Íslandi búa ríflega 55 þúsund einstaklingar af erlendum uppruna, sem hafa íslensku sem annað mál, en fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda eru nú samanlagt 16,8% þjóðarinnar. Þessi hópur er mikilvægur hluti íslensku þjóðarinnar og hefur auðgað samfélagið svo um munar.

Meira en helmingi hærra brottfall úr framhaldsskóla

Tungumálið er lykillinn að samfélaginu og lítil íslenskukunnátta er oftar en ekki grunnurinn að miklum ójöfnuði. Brottfall í framhaldsskólum er 26% hjá þeim sem hafa íslensku að móðurmáli en 62% hjá þeim sem eru með íslensku sem annað mál.

Til að til að veita börnum innflytjenda raunverulega hlutdeild í samfélaginu og tryggja þeim jafnan rétt til og aðgang að menntun þurfum við að gera betur þegar kemur að íslenskukennslu. Rannsóknir á afdrifum barna innflytjenda í norska skólakerfinu sýna að þau börn sem kunna norsku vel við upphaf skólagöngu standa sig betur í grunnskólum, komast í framhaldsskóla og þaðan í háskóla eða annað nám. Það er full ástæða til að halda að hið sama gildi um börn innflytjenda í íslenska skólakerfinu.

Ef það er ekki skoðað vandlega hvernig við byggjum upp menntakerfi fyrir alla þá munum við lenda í verulegum vanda þegar fram í sækir og þurfa, fyrr en síðar, að svara spurningum á borð við „hvað fékk ég ekki og hverju átti ég rétt á?“.

Íslenskt samfélag stendur á tímamótum og við eigum að horfa til framtíðar. Börn vaxa úr grasi og önnur eða þriðja kynslóð innflytjenda hefur sýnt það í nágrannalöndunum að hún er ósátt við að hafa ekki fengið sömu tækifæri til náms og innfæddir.

Við hvetjum því skólastjórnendur og yfirvöld menntamála til að tryggja að öll börn með íslensku sem annað mál fái fyrsta flokks íslenskukennslu, frá leikskóla upp í háskóla – um leið og þeim er veitt sem mest aðstoð við móðurmálskennslu. Þannig tryggjum við að raddir allra heyrist. Það að varðveita tungumálið okkar felst ekki síst í því að sjá til þess að við höfum öll aðgang að því.

Vissa í óvissu

Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins

Hver átti von á að upplifa þær aðstæður sem nú ríkja, aðstæður þar sem skæð veira skekur heiminn allan? Slíkar aðstæður kalla á æðruleysi og samstöðu. Í æðruleysi felst meðal annars að sætta sig við það sem ekki fæst breytt. Enginn er beinlínis sökudólgur og enginn er óhultur. Veiran er sameiginlegur óvinur og allir, án tillits til samskipta eða sambanda, vináttu eða ágreinings þurfa að berjast gegn vánni.

Þetta tekur vissulega á, annað væri líka sérkennilegt, en við höfum einfaldlega ekkert val. Það er ekki í boði að gefast upp og leyfa þessum skæða sjúkdómi að höggva óteljandi skörð í samfélagið okkar með tilheyrandi sársauka og hörmungum. Vert er að minna á að það er vissa í óvissunni. Vissan er sú að ef við fylgjum leiðbeiningum sérfræðinga okkar munum við ná yfirhöndinni. Einnig er vissa um að það komi bóluefni. En þar til þurfum við að aðlagast breyttum venjum, tímabundið.

Á meðal okkar eru hópar sem halda þarf vel utan um. Þeir sem eru veikir, andlega og/eða líkamlega. Annar hópur sem fer stækkandi eru þeir sem hafa misst lífsviðurværi sitt. Hvað tekur meira á andlegu hliðina en að missa vinnuna, mánaðarlegar tekjur og vera skyndilega komin á atvinnuleysisbætur? Sum börn eru auk þess kvíðin og fylgjast grannt með hvernig foreldrar þeirra bregðast við stöðunni frá degi til dags. Þessa hópa þarf að halda sérstaklega utan um í gegnum þennan erfiða tíma.

Það er ekki allt alslæmt. Rafrænar lausnir og samskipti á netinu hafa sannarlega bjargað miklu en slíkt kemur auðvitað aldrei í staðinn fyrir nærveru og snertingu. Tækifæri til hreyfingar hefur takmarkast en ekki að fullu. Alltaf er hægt að fara í göngu-, hjóla- og hlaupaferðir sem bjargar geðheilsu margra, ekki síst þeirra sem stunda líkamsrækt reglulega. Bjartsýni og ekki síst uppbyggjandi tal hjálpar bæði sjálfum manni og þeim sem standa nærri.

Hér er, eins og við ýmsar aðrar aðstæður, hægt að horfa á glasið sem hálf fullt í staðinn fyrir hálf tómt. Spyrja sig, hvað er það sem ég hef sem er öruggt og gott? Horfa á það sem er til, frekar en að einblína á það sem vantar. Spyrja sig, hvað get ég gert meira í þessum aðstæðum, sem ég má gera samkvæmt sóttvarnareglum en sem ég hef ekki verið að gera? Kemur mögulega eitthvað gott út úr þessu öllu?

Fyrir langflesta skiptir máli að halda einhverri rútínu þótt innandyra sé, finna leiðir til að skapa og búa eitthvað til. Sumum finnst hjálp í því að skrifa, til dæmis dagbók, eða taka til hjá sér, flokka og raða, prjóna, teikna, lita eða hugleiða og slaka á. Fyrir þá sem voru orðnir fullir af streitu og þreytu þegar kófið skall á, er nú lag að nota tímann og hvíla sig, ná þreki að nýju. Ef kólguský halda áfram að hrannast upp þrátt fyrir allt, þá umfram allt að leita aðstoðar. Að biðja um hjálp er ekki feimnismál og allir geta á einhverjum tímapunkti verið í þeim sporum. Hjálp er fyrir hendi. Það birtir upp um síðir því ekkert ástand varir að eilífu.

Repja: Sjálfbær, innlendur orkugjafi – Þurfum við ekki á þessu að halda?

Dr. Lúðvík E. Gústafsson
sjálfstætt starfandi fræðimaður

Á tímum COVID-19 er erfitt að einbeita sér að öðrum málefnum, til dæmis umhverfismálum svo sem loftslagsbreytingum, meðhöndlun úrgangs, loftgæðum og fleira. Vandinn vegna þeirra er enn til staðar þó að umræða um skæðu veiruna hafi eðlilega gnæft yfir flest allt annað á þessu ári, enda raunveruleg hætta fyrir líf og limi á ferðinni hér og nú. Ég get þrátt fyrir það ekki hætt að hugsa um loftslagsbreytingar og hvaða neikvæðu afleiðingar þær geti haft fyrir allt líf þegar til lengri tíma er litið. Nýlega heyrði ég plöntuna repju nefnda og möguleika á að rækta hana á Íslandi sem orkugjafa. Þessi planta þrífst hérlendis og gæti nýst sem orkugjafi. Þetta vakti áhuga minn á að skoða repjuna nánar.

Fræ repjuplöntunnar geyma olíu sem hægt er að nota beint sem eldsneyti en líka er hægt að breyta olíunni á einfaldan hátt í lífdísil. Þetta eldsneyti er til dæmis hægt að nota í skipum. Repjan þrífst á norðlægum slóðum, tilraunaræktun hér á landi hefur gefist vel. En það er ekki bara repjuolían sem nýtist heldur næstum því öll plantan. Olían er u.þ.b. 15% af massa hennar, 35% er hratið eftir olíuvinnsluna, en helmingur plöntunnar eru stönglar sem nýtast einnig, t.d. sem áburður eða sem orkugjafi í formi brennsluefnis. Hratið úr olíuvinnslu er hægt að nýta sem fóðurefni. Þannig eru allar afurðir repjuplöntunnar endurnýjanlegar. Ræktun repju bindur kolefni, notkun hennar er því hringrás sem leiðir ekki til söfnunar gróðurhúsalofttegunda á óæskilegum stöðum. Þar hefur ræktun orkuplantna, repju og fleiri tegunda eins og kornplantna og sykurreyrs, reyndar mætt vaxandi andstöðu vegna þess að þessi ræktun er talin geta þrengt að matvælaframleiðslu þar sem ræktun á orkuplöntum og ræktun matvæla keppir um sama ræktunarland. Evrópusambandið hvetur til aukinnar notkunar á endurnýjanlegum orkugjöfum en takmarkar jafnframt ræktun orkuplantna einmitt til þess að ekki verði óþarfa samkeppni um ræktunarland.

Á Íslandi er staðan svolítið öðruvísi. Repjuræktun mun ekki að keppa við matvælaframleiðslu. Hér má hugsa sér að ræktun geti slegið fleiri en eina flugu í einu höggi. Á Íslandi er talsvert af lítt grónu landi sem mætti græða upp, t.d. með repjuræktun. Enn fremur er mikið af framræstu mýrlendi sem ekki er í ræktun en er uppspretta gróðurhúsalofttegunda. Repjuræktun á slíku landi er enn einn möguleiki, fyrir utan endurheimt votlendis og skógrækt, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Úr repjuræktun kemur endurnýjanlegur orkugjafi, fóðurefni, áburður og einnig aukin landgæði.

Mér sýnist að saga rannsókna á möguleikum repjuræktunar hér á landi sé fremur stutt en samt það löng að furða vekur að repjuræktun sé ekki orðin að veruleika nú þegar. Kannski hafa verið ýmsar hindranir í vegi svo sem verðlagning afurða og dreifing þeirra. Náttúrulega þarf ræktunin að gerast í sátt við bændur og landeigendur. Samt finnst mér þegar ég les allar þessar loftslags- og orkustefnur síðustu ára að repjuræktun sé eitthvað sem samfélagið okkar hefur ekki efni á að líta framhjá. Því spyr ég eins og höfundur nýlegrar skýrslu um repjuræktun: Eftir hverju er að bíða?

Með vindinn í hárinu

Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Hópurinn er sammála um að öryggi skuli vera rauði þráðurinn í nýrri áætlun, svo öllum líði eins og þau geti ferðast örugglega á milli staða á hjóli. Hjólreiðar eiga að vera fyrir alls konar fólk og á alls konar hjólum.

Árið 2010 samþykkti borgarstjórn fyrstu hjólreiðaáætlun Reykjavíkur. Yfirskrift hennar var Hjólaborgin Reykjavík. Síðan þá hefur hlutdeild hjólreiða sem ferðamáta í borginni aukist jafnt og þétt eftir því sem innviðir hafa byggst upp og áhugi aukist á hreyfingu, útivist og heilbrigðum lífsstíl. Samkvæmt ferðavenjukönnun árið 2019 er hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum í Reykjavík 7% en markmið hjólareiðaáætlunar sem rennur sitt skeið á enda í lok þessa árs var 6,5%.

Nú stendur yfir vinna við hjólreiðaáætlun til 2025 sem ég stýri ásamt fulltrúum úr meirihlutanum. Það er kominn tími til að taka hjólreiðar í borginni í næsta gír og því mikil og spennandi vinna fram undan. Hópurinn er sammála um að öryggi skuli vera rauði þráðurinn í nýrri áætlun, svo öllum líði eins og þau geti ferðast örugglega á milli staða á hjóli. Hjólreiðar eiga að vera fyrir alls konar fólk og á alls konar hjólum.

Á tímum COVID hafa hjólreiðar aukist í borgum Evrópu. Í Reykjavík var ásóknin slík í vor að hjólabúðir voru margar hverjar tómar. Ríkisstjórnir heims keppast við að fjárfesta í grænni og heilsusamlegri ferðamátum, þau áhrif má sjá hér í sáttmála um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Með nýrri tækni aukast tækifæri til hjólreiða. Rafhjólum fjölgar hratt og þá skipta brekkur og rok síður máli við val á samgöngumáta.

Samkvæmt nýlegri könnun Maskínu vilja 27% höfuðborgarbúa helst hjóla til vinnu en 10% gera það samkvæmt sömu könnun. Það er okkar hlutverk í stýrihópnum um nýja hjólreiðaáætlun að komast að því hvað vantar upp á til að fólk hjóli og bæta úr því. Fólk þarf að hafa frelsi til að velja þann ferðamáta sem það kýs helst.

Í mínum huga er lúxus að hjóla, fá tíma til að hugsa málin, hlaða rafhlöðuna, fá blóðið á hreyfingu og roða í kinnarnar. Engin bið í umferð og ég legg við dyrnar á áfangastað án þess að leita að bílastæði. Svo er líka bara svo skemmtilegt að hjóla.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

10. NÓVEMBER 2020 ÞRIÐJUDAGUR

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Már B. Gunnarsson

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni 12. nóvember kl. 13. Vegna aðstæðna geta aðeins nánustu aðstandendur verið viðstaddir.
Útförinni verður streymt, finna má streymið á Facebook undir Útför Már B. Gunnarsson
https://www.youtube.com/watch?v=Z9NVt0klWnk&feature=youtu.be

Heiðrún Anna Björnsdóttir
Vigdís Másdóttir
Helga Rósa Másdóttir
Anna Lilja Másdóttir
og barnabörn
Indiana B. Gunnarsdóttir
Stefán B. Gunnarsson
Ólafur Þorri Gunnarsson
Jamie Lawson
Bergsteinn Sigurðsson
Rögnvaldur Ólafsson
Viðar Reynisson

Ástkær eiginkona mín, mamma, amma og langamma,

Ragnhildur Andrésdóttir
Ystu-Görðum,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 8. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

Ölver Benjamínsson
Óskar Ölversson **Þórunn Sigríður Þorsteinsdóttir**
Benjamín Ölversson
Andrés Ölversson **Þóra Sif Kópsdóttir**
Björk Ben Ölversdóttir
Björgvin Ölversson **Margrét Kolbeinsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÞETTA GERÐIST: 10. NÓVEMBER 1848

Deild um málefni Íslands var stofnuð í Danmörku

Íslensk stjórnardeild með aðsetur í Kaupmannahöfn var stofnuð þennan mánaðardag árið 1848. Stofnun hennar markaði á vissan hátt tímamót í íslenskri frelsisbaráttu.

Snemma á árinu 1848 hafði farið byltingaralda um Evrópu. Friðrik VII, konungur Danmerkur, ákvað þá að afnema einveldi þar. Hann hóf undirbúning nýs stjórnarfyrirkomulags sem var meðal annars ætlað að vernda sérstök réttindi í hverjum landshluta. Ákveðið var að steypa öllum þáttum sem vörðuðu stjórn Íslands saman í eina heild. Undir hana heyrðu einnig mál sem tilheyrðu Grænlandi og Færeyjum.

Forstöðumaður Íslandsdeildarinnar var skipaður Fjölnismaðurinn Brynjólfur Pétursson, lögfræðingur og fulltrúi í danska fjármálaráðuneytinu. Hann var forstöðumaður deildarinnar til dánardags 1851.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir I. Axelsson
vélfræðingur,
Hæðargarði 29, Reykjavík,

lést á Landakoti 8. nóvember.
Jarðarförin auglýst síðar.

Kristín Sverrisdóttir
Ragnheiður Sverrisdóttir **Hjalti Hugason**
Þorsteinn Sverrisson **Magnea Einarsdóttir**
Ólafur Sverrisson **Ellen Símonardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Helgi Árnason
Boðaþingi 18, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. nóvember næstkomandi kl. 15.00.
Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Athöfninni verður streymt á vefnum https://vimeo.com/475660758
Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND félagið.

Anna Konráðsdóttir
Kristín Helga Gísladóttir **Sebastian Mikaelsson**
Guðmundur Viðir Gíslason **Ellen Elíasdóttir**
Konráð Valur Gíslason **Sif Sveinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur sonur minn og okkar ástkæri

Bárður Guðmundsson
frá Vík í Mýrdal,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 7. nóvember.

Ester Guðlaugsdóttir
Guðlaugur Guðmundsson **Ásta Hallsdóttir**
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Ester Elín Bjarnadóttir **Björgvin Rúnarsson**
Ester Guðlaugsdóttir
Elva Ösp Helgadóttir
Sólon Tumi Steinarsson
Ágúst Atli Ólafsson

Ástkær móðir mín, amma og systir,

Gunnþórunn Friðriksdóttir
(Tóta á Lækjarósi)

lést á dvalarheimilinu Tjörn, Þingeyri, laugardaginn 31. október. Útförin fer fram frá Mýrarkirkju, laugardaginn 14. nóvember klukkan 14.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.
Útförinni verður streymt á Youtube-rás Viðburðastofu Vestfjarða og í gegnum mbl.is/andlat á slóðinni
https://www.youtube.com/watch?v=aHtGRiACs2U

Innilegar þakkir til starfsfólksins á Tjörn fyrir góða umönnun.

Helga Ingibjörg Jónsdóttir
Þórunn Hildur Ólafsdóttir
Júlía Friðriksdóttir

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Hallgrímsson

lést sunnudaginn 8. nóvember á Landakoti.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Hörður Magnússon **Linda Björk Þórðardóttir**
Hallgrímur Magnússon **Elín Sigurðardóttir**
Óskar Magnús Harðarson
Ásta Hlíf Harðardóttir
Snædís Hallgrímsdóttir
Magnús Snær Hallgrímsson
Halldís Ylfa Hallgrímsdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Jóhannsdóttir
Sólvangsvegi 3,
Hafnarfirði,

lést á Landakoti sunnudaginn 1. nóvember. Hún verður jarðsungin í Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 12. nóvember kl. 13.00.
Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða eingöngu nánustu aðstandendur viðstaddir og verður athöfninni streymt á slóðinni https://youtu.be/dDpjEbClKok.

Hörður Sigursteinsson
Sveinbjörg Harðardóttir **Guðmundur Th. Ólafsson**
Aðalheiður Kristín H. Willassen
Jóh. Brynja Harðardóttir **Halvard Andreassen**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðrún Ingólfsdóttir
Skarðshlíð 14, Akureyri,

sem lést 3. nóvember, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. nóvember klukkan 13.30.
Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir útförina. Streymt verður frá útförinni á Facebook á slóðinni: Jarðarfarir í Akureyrarkirkju - beinar útsendingar. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarhlíðar á Akureyri fyrir gott atlæti sem Guðrún naut þar síðustu árin.

Ingi Hólmar Jóhannesson
María Ingadóttir **Daníel Guðjónsson**
Laufey Ingadóttir **Kristján Viktor Kristjánsson**
Bryndís Sæunn Ingadóttir
Ingibjörg Ingadóttir **Bergþór Aðalsteinsson**
Agnes Ingadóttir **Þór Sigurðsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

FÓLK Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 10. NÓVEMBER 2020

Íris Jensen segir að hjá Innréttingum & Tækjum sé hægt að fá allt sem þarf til að gera baðherbergið notalegt og fallegt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Svart skiptir máli árið 2020

Íris Jensen er ein eigenda Innréttinga & Tækja við Ármúla, en þar er gott úrval af baðinnréttingum, blöndunartækjum og hreinlætistækjum. Meðal spennandi nýjunga eru sturtuklefar og skilrúm úr gleri með svörtum ramma. →2

Einstök blanda fyrir liðina

Sturtuklefarnir hjá Innréttingum & Tækjum eru fáanlegir í fjölbreyttu úrvali.

Glerin eru til í nokkrum útfærslum.

Svört blöndunartæki eru mjög vinsæl um þessar mundir.



Þægilegar lokanir fyrir baðkarið koma í veg fyrir leka út á gólf.

Innréttingar & Tæki bjóða upp á margvíslega smávöru til jólagjafa.

Framhald af forsíðu

Innréttingar & Tæki eru best þekkt fyrir mikið úrval af baðinnréttingum, blöndunartækjum, hreinlætistækjum og sturtuklefum þar sem gæði og góð hönnun eru í fyrirrúmi en spennandi nýjungar streyma nú í verslunina. „Við vorum að fá einstaklega fallega sturtuklefa, sturtuhorn, veggi, skilrúm og baðkarshlífar úr gleri með svörtum römmum. Við köllum þetta köflóttu línuna, en hún hefur verið ótrúlega vinsæl. Þetta eru frábærar sturtulausnir sem er einfalt og þægilegt að setja upp og eru mikil prýði inn á hvert baðherbergi," segir Íris.

Hjá Innréttingum & Tækjum fást einnig blöndunartæki frá Fima og hreinlætistæki frá Globo í mörgum litum en að sögn Írisar er svarti liturinn einn sá vinsælasti þessa dagana. „Mikil eftirspurn hefur verið eftir handlaugum, salernum og blöndunartækjum í svörtum lit. Það er vinsælt að vera með fylgihluti í gylltu, krómuðu eða í svörtu en svo er líka gaman að blanda þessu öllu saman og leika sér með mismunandi liti. Það er til dæmis fallegt að vera með svart salerni og handlaug en blöndunartæki í öðrum lit," nefnir Íris.

Fallegir fylgihlutir

Hjá Innréttingum & Tækjum er einnig fjölbreytt úrval af fylgihlutum fyrir baðherbergið. Þar má nefna handklæðaslár, salernisrúlluhaldara og -standa, handklæðasnaga, smekklega salernisbursta, sápupumpur og hillur fyrir sturtuna. Fylgihlutirnir fást í svörtu, gyllti og stáli, svo allir ættu að finna eitthvað að sínum smekk. „Hillurnar fyrir sturtuna eru djúpar og þær eru góð hirsla undir allt sem þarf að hafa í sturtunni en oft er fólk í vandræðum með sjampóbrúsa og sápur. Svo erum líka með nokkrar gerðir af sápupumpusettum og vinsælum sápum frá Nesti og Dante en þær eru algjörlega vegan og innihalda ekki dýraafurðir. Vörur sem henta vel til jólagjafa," segir Íris.

Sturtuhausar í mörgum gerðum og litum fást hjá Innréttingum & Tækjum.

Umhverfisvænir mosaveggir

„Við erum nýlega byrjuð með umhverfisvænar plötur með mosa sem eru frábærar til hljóðeinangrunar og henta vel fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Mosaplöturnar eru afar fallegar en þær eru úr náttúrulegum mosa, laufum og umhverfisvænum efnum sem ekki þarf að hugsa mikið um. Mosaplöturnar eru frá ítalska hönnunarfyrirtækinu Bebetti. Þær má setja upp sem stóran eða lítinn gróðurvegg eða klippa til og búa til listaverk eða lógó fyrirtækja, allt eftir því sem hver og einn vill," segir Íris.

Plöturnar eru búnar til úr léttu áli og á þær er settur mosi, sem er sérstaklega ræktaður í þeim tilgangi. Íris segir mosaplöturnar hafa vakið mikla athygli og þær séu vinsælar víða um heim. „Plöturnar eru vistvænar og það þarf lítið sem ekkert að hugsa um þær. Mosinn heldur sér vel og það þarf aðeins að úða vatni á hann á nokkurra mánaða fresti. Einfaldara getur það ekki verið. Það er hægt að sjá risastóran vegg úr mosaplötunum við upplýsingaborðið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Slíka veggi má líka sjá hjá Duck and Roses og hjá UNWomen en þeir koma mjög vel út. Mosaplöturnar eru líka eftirsóttar til að skreyta hótel og veitingastaði en þær setja mjög skemmtilegan svip á umhverfið," segir Íris.

Mosaplöturnar fást í mismunandi stærðum og segir Íris hægt að velja um ljósan eða dökkan mosa, mosa blandaðan laufum eða bara mosa. „Það er líka hægt að hafa mosann mjúkan eða harðan, allt eftir smekk hvers og eins."

Umhverfisvænt salerni

Íris segir að Innréttingar & Tæki leggi mikið upp úr því að bjóða viðskiptavinum umhverfisvænar vörur eftir því sem kostur er. „Hjá okkur fæst umhverfisvænt salerni frá spænska fyrirtækinu GALA. Þar er búið að sameina salernisskálina og skolskálina í eitt tæki. Þetta salerni er útbúið fjarstýringu og það er hægt að fá bæði skol og blástur sem minnkar verulega eða algjörlega notkun á salernispappír. Þetta er virkilega falleg hönnun sem kemur vel út á baðherbergi," segir Íris.

Fjölskyldufyrirtæki

Innréttingar & Tæki er fjölskyldufyrirtæki sem er starfrækt við Ármúla 31 og hefur verið rekið um langt skeið eða frá árinu 1945. „Amma mín stofnaði það sem heildverslun en 1993 var því breytt í verslun af foreldrum mínum," segir Íris Jensen eigandi en þau Grétar Þór Grétarsson, eiginmaður hennar, tóku við rekstrinum árið 2014. „Við ákváðum að slá til og höfum staðið vaktina síðan. Frá upphafi hefur fagleg og persónuleg þjónusta verið í fyrirrúmi," segir Íris.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Singles' Day

ÞRIÐJUDAGUR 10. NÓVEMBER 2020

Kynningar: Nola, Penninn

Brynja Dan er konan sem kynnti Singles' Day til sögunnar á Íslandi en verkefnið hefur stækkað með hverju ári og eru nú um 200 fyrirtæki sem taka þátt. MYND/ALDÍS PÁLS

Tilvalið tækifæri til að klára jólagjafirnar í rólegheitum

Á miðnætti gefst Íslendingum kostur á að gera góð kaup þegar Singles' Day skellur á en það er einn stærsti netverslunardagur ársins. Brynja Dan er konan sem kynnti daginn fyrir Íslendingum og hún hvetur fólk til að nýta vettvanginn til að byrja á og jafnvel klára jólagjafainnkaupin. →2

Brynja Dan ráðleggur fólki að undirbúa sig áður en herlegheitin byrja á miðnætti í kvöld en það er til dæmis hægt að nýta innkaupalistann hér að neðan til að skipuleggja. MYND/BERNHARD KRISTINN

Framhald af forsíðu

Singles' Day fór fyrst fram hér á landi árið 2014. „Mín hugmynd gekk út á að upphefja og gera netverslun hærra undir höfði hér á landi en ég varð vör við að Íslendingar væru margir smeykir við netverslun," segir Brynja.

Blómstrandi vettvangur

Fræið sem Brynja sáði fyrir sex árum hefur nú heldur betur vaxið og dafnað. „Þetta byrjaði á lítilli bloggsíðu þegar vinkona mín bloggaði um þetta. Þetta er í raun algjört „baby"-verkefni hjá mér sem hefur stækkað og stækkað og nú er ég komin með heila heimasíðu og „concept" ásamt stórum og öflugum bakhjörlum," segir hún brosandi.

„Það eru ótalmörg fyrirtæki, um tvö hundruð, að taka þátt og sem dæmi má nefna Netgíró sem er minn helsti bakhjarl og við erum með aðgang að fullt af fyrirtækjum. Það er ótrúlega dýrmætt að hafa þetta bakland og það bætist alltaf í hópinn."

Það eru þó ákveðnar áskoranir sem Brynja stendur frammi fyrir í ár. „Ég er komin með samkeppni sem er auðvitað alltaf af hinu góða en þarna liggur að baki þrotlaus vinna sem ég hef eytt í að byggja þetta verkefni upp. Vissulega á enginn þetta heimsþekkta „concept" en af hverju ekki að nýta þann pall sem þegar er til staðar? Mér finnst óneitanlega eins og það sé verið að njóta góðs af allri vinnunni sem ég hef lagt á mig við að gera þetta að veruleika og það hefði klárlega verið sniðugt og flott að reyna að finna aðra leið í stað þess að kópera það sem hefur verið gert."

Þetta bitni ekki síst á neytendum. „Markmiðið hjá mér var að búa til einn vettvang sem myndi halda utan um alla þá aðila sem koma að þessu og gera netverslun þannig einfaldari en ekki flóknari. Margir halda að þeir séu að skrá sig hjá mér þar sem að ég hef verið andlit þessa dags í nokkur ár en vegna þessarar þróunar er það ekki alveg nægilega skýrt."

Brynja leitaði eftir samstarfi við samkeppnisaðilann en ljóst var að það myndi ekki ganga eftir. „Ég reyndi að koma til móts við viðkomandi en það gekk því miður ekki eftir, ávinningurinn var eingöngu hjá hinum aðilanum og þetta er dýrt batterí. Ég myndi auðvitað frekar kjósa samstarf, konur eru jú konum bestar, en þarna var það einfaldlega ekki í boði, sem er miður."

Auðvelt og aðgengilegt

Brynja lætur þetta þó ekki á sig fá. „Þetta er alveg gríðarlega stór og mikill stökkpallur sem við höfum skapað á þessu flotta léni, 1111.is. Núna er hægt að leita að og velja vörur eftir flokkum sem gerir þetta enn þá aðgengilegra og auðveldara í notkun. Fólk getur þá nýtt tímann betur en tilboðin vara einungis í sólarhring svo það er um að gera að vera skipulagður."

Þetta sé fullkomið tækifærið til þess að klára jólagjafakaupin. „Við viljum alveg hiklaust hvetja fólk til að klára jólin á netinu og á það sérstaklega við núna þegar við erum hvött til að halda okkur heima fyrir. Það hefur náttúrulega sjaldan verið jafn viðeigandi eins og núna að versla á netinu og fá sent heim."

Þá eiga gestir heimasíðunnar möguleika á vinningum í formi endurgreiðslu og inneignar. „Netgíró ætlar að endurgreiða 50 færslur ásamt því að gefa 50 þúsund króna inneign sem vonandi auðvelda einhverjum jólin. Svo er sending.is komin inn í þetta með mér en þau eru með geggjuð tilboð á sendingarkostnaði. Þannig að við erum alltaf að bæta á okkur blómum og með þessu samstarfi getum við gert þetta enn þá öflugra og skemmtilegra."

Gott að undirbúa sig

Brynja vonast til að fólk geti nýtt sér þennan viðburð til þess að taka upplýstari kaupákvarðanir. „Ég á Extraloppuna þar sem við leitumst eftir að draga úr óþarfa bruðli og sóun. Ég er á því að við sem neytendur eigum að leggja okkur fram við að velja vel og vandað og með þessu framtaki erum við að gefa fólki tækifæri til að gera góð og hagkvæm kaup."

> **Netgíró ætlar að endurgreiða 50 færslur ásamt því að gefa 50 þúsund króna inneign sem vonandi auðvelda einhverjum jólin. Svo er sending.is komin inn í þetta með mér en þau eru með geggjuð tilboð á sendingarkostnaði.**

Brynja á von á að það verði mikill hasar. „Ég býst við því að þetta verði nett klikkun," segir hún og hlær. „Svo er síðan líka uppi fyrir Cyber Monday og Black Friday og við erum með yfir 200 fyrirtæki skráð þannig að þetta er orðinn heljarinnar vettvangur til að leita uppi góð tilboð."

Hún lumar á ýmsum ráðum til að einfalda kaupin. „Ég mæli með að nýta listann sem fylgir í Fréttablaðinu og vera búinn að skrifa niður það sem maður er að leita að. Þá er hægt að fara í flokkana og finna þær vörur. Þetta er bara sólarhringur og getur orðið yfirþyrmandi svo að það er mjög sniðugt að undirbúa sig áður en þetta skellur á."

Innkaupa-listi

- Fyrir hana
- Fyrir hann
- Fyrir þau
- Barn 1
- Barn 2
- Barn 3
- Barn 4
- Afi
- Amma
- Til mín
- Óskalisti 1
- Óskalisti 2
- Óskalisti 3

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is



20%

AFSLÁTTUR

af flestum vörumerkjum

11/11/20

DIMM

Gildir aðeins á www.dimm.is



Kostir netverslana

Það er óhætt að fullyrða að netverslun hafi aldrei komið sér jafn vel og undanfarna mánuði.

Það eru ýmsir kostir sem fylgja því að versla á netinu. Helsti kosturinn liggur auðvitað í þægindunum. Nú þarf ekki að fara úr húsi eða hafa sig til, það er einfaldlega hægt að opna tölvuna eða símann. Þetta sparar því bæði tíma og fyrirhöfn og gefst fólki kostur á að versla hvenær sem er sólarhrings.

Þá er auðvelt að gera verðsamanburð á vörum og þannig fá betri kjör. Á mörgum stöðum er svo hægt að versla beint við fyrirtæki eða framleiðanda sem gerir kaupin oft hagstæðari, enda ekki þriðji aðili á milli. Einnig sparast peningur þar sem ekki þarf að eyða peningum í eldsneyti eða stöðumæli.

Vefverslanir eru nú margar hverjar orðnar svo góðar að auðvelt er að leita eftir nákvæmlega því sem óskað er eftir og hægt er að velja á milli fjölda vara. Vefverslanir eru enn fremur oft með meiri birgðir svo það geta verið meiri líkur á að finna vörur í ákveðinni stærð, lit eða út frá öðrum eiginleikum. Ef varan er ekki til stendur oftar en ekki til boða að panta fyrir fram og fá þá tilkynningu um leið og varan er komin á ný.

Margir kannast við að eyða meiri peningum en áætlað var í verslunarferðum. Á netinu er auðveldara að sjá til þess að það gerist ekki auk þess sem meiri líkur eru á að þú kaupir bara nákvæmlega það sem sóst er eftir, en freistist ekki til að kaupa eitthvað í staðinn. Þannig stjórnast kaupin ekki af því vöruúrvali sem er í tiltekinni verslun, heldur ræður neytandinn för.

Eitt af því sem kemur sér afar vel við að versla á netinu er þegar kaupa þarf gjafir. Það hefur aldrei verið einfaldara að kaupa gjafir og láta senda þær beint á viðkomandi, sama hvar viðkomandi er staddur í veröldinni. Margar verslanir bjóða upp á innpökkun svo að það er kjörið að nýta tækifærið og klára

Einfalt er að gera verðsamanburð.

Margir kannast við að eyða meiri peningum en áætlað var í verslunarferðum.

dæmið alveg á netinu. Tækifærisdagar á borð við mæðra-, feðra-, konu- og bóndadag geta því orðið minni höfuðverkur.

Umsagnir frá kaupendum verða sífellt algengari á ýmsum síðum og kemur það sér afar vel fyrir neytendur sem fá þá aukið svigrúm til þess að taka upplýstari ákvarðanir.

Eitt af því sem getur tekið á taugarnar við heðbundnar verslunarferðir er mannmergð, og á það ekki síst við í aðdraganda hátíða. Það getur verið mjög streituvaldandi að bíða í löngum röðum og getur ýtt undir fljótfærnismistök þegar fólk vill ekkert heitar en að komast í burtu frá hávaðanum. Þá getur starfsfólk verslana oft haft áhrif á það sem keypt er en flestir þekkja sölufólkið sem reynir oftar en ekki eftir fremsta megni að sannfæra fólk um að kaupa ákveðnar vörur og oft lætur fólk undan.

Þessi vandamál eru úr sögunni þegar verslað er á netinu og hægt er að klára innkaupin uppi í rúmi, í náttfötum og notalegheitum. Það er því um að gera að nýta 11.11. til að byrja jólagjafaundirbúninginn og þannig draga úr stressinu sem vill fylgja jólagjafakaupum og spara tíma jafnt sem peninga.

Öll bestu SinglesDay tilboðin á einum stað Mynto.is

TILBOÐ

Það er þægilegt að versla heima. Anna Björg stjórnar hópnum Verslun á netinu á Facebook. „Frá því að grúppan var stofnuð er helsta breytingin sú að það er orðið miklu öruggara að versla á netinu en áður.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Meira öryggi en áður

Anna Björg Kristinsdóttir er einn stjórnenda Facebook-hópsins Verslun á netinu. Hún segir þægilegt að versla á netinu og að það hafi aldrei verið öruggara en nú.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Hátt í fjörutíu þúsund manns eru í Facebook-hópnum Verslun á netinu. „Vinkona mín, Agnes Reynisdóttir, stofnaði þennan hóp í árdaga Facebook og það bætast sífellt fleiri í hópinn. Við verslum báðar mikið á netinu og viljum stuðla að því að fólk geti verslað á öruggan máta og skipst á ráðum, bæði hvað ber að varast og hvar er gott að versla. Frá því að grúppan var stofnuð er helsta breytingin sú að það er orðið miklu öruggara að versla á netinu en áður. Flest kortafyrirtæki bjóða upp á öruggan greiðslumáta, auk þess sem Pay-Pal er komið til sögunnar. Svo hafa aldrei verið til fleiri netverslanir og það er líka orðið auðveldara að setja á stofn netverslun,“ segir Anna Björg.

Í hópnum er að finna lista yfir hvað gott er að hafa í huga þegar ný netverslun er skoðuð og mælir Anna Björg með að skoða hann. „Það er alltaf gott að athuga hvort verslunin er á samfélagsmiðlum en flestar lögmætar verslanir eru með einhvers konar fyrirtækjaaðgang með myndum og helstu upplýsingum. Ef ekki er gefið upp heimilisfang eða upplýsingar um hvernig hægt er að ná sambandi við viðkomandi verslun er það til dæmis merki um plat. Ég mæli með að skoða einkunnagjöf frá öðrum notendum og skoða vel alla þjónustuskilmála. Þeim mun ítarlegri sem þeir eru, því betra. Ef eitthvað er of gott til að vera satt, er það oftast raunin. Það getur margborgað sig að leggjast í rannsóknarvinnu þegar verslað er á nýrri síðu, til að vera viss um að hún sé til í raun og veru áður en maður tekur upp greiðslukortið. Best er að nota öruggan greiðslumáta með korti, ekki leggja inn á reikninga eða nota rafmynt. Ef fólk er beðið um að hlaða niður smáforriti eða fær leiðbeiningar sem ekki eru trúanlegar getur verið um svik að ræða,“ segir hún.

Anna Björg býr í Danmörku og notar iðulega íslenskar netverslanir til að kaupa gjafir fyrir vini og ættingja á Íslandi. „Mér finnst það algjör snilld. Það er ótrúlega þægilegt að þurfa ekki að senda gjafir á milli landa heldur græja þetta heiman frá sér.“

Það er alltaf gott að athuga hvort verslunin er á samfélagsmiðlum en flestar lögmætar verslanir eru með einhvers konar fyrirtækjaaðgang með myndum og helstu upplýsingum.

Gjafakaup á netinu

Anna Björg er búsett í Danmörku en notar iðulega íslenskar netverslanir til að kaupa gjafir fyrir vini og ættingja á Íslandi. „Mér finnst það algjör snilld. Það er ótrúlega þægilegt að þurfa ekki að senda gjafir á milli landa heldur græja þetta heiman frá sér. Þetta gerir jólagjafainnkaupin mun auðveldari fyrir mig. Ég veit að margir ætla að nýta sér þann möguleika í ár, til að vera vissir um að pakkarnir skili sér örugglega fyrir jólin,“ segir hún brosandi.

Þegar talið berst að því hvað Anna Björg kaupir helst á netinu segir hún það vera allt milli himins og jarðar. „Ég kaupi fatnað og margt til heimilisins. Ég er nýlega farin að kaupa matvöru á netinu en ég hef keypt allt frá skarti upp í rafmagnshjól. Verstu kaupin voru Superman-bolir sem áttu að vera í fullorðinsstærð en reyndust svo litlir að ég kom ekki handleggnum í gegnum þá. Nýlega keypti ég hraðsuðupott, sem er snilldargræja. Í augnablikinu er hann bestu kaupin en í rauninni eru bestu kaupin allt sem ég hef keypt og reynst vera eins og ég átti von á. Svo er gaman að segja frá að nýlega var opnuð vefsíðan kaupstadur.net en þar má finna fjölmargar íslenskra netverslanir. Ég hef engin tengsl við þessa síðu en finnst þetta flott framtak,“ segir Anna Björg.

11.11

Singles Day

1.111 vörur á RISAafslætti

Allt annað á 11% afslætti*

playmobil

-22%

-44%

Allt að

-33%

LEGO

-55%

Panasonic *RP-HD605NE-K*

Noice Cancellation heyrnartól

-33%

65”

65FAE9060

4K snjallsjónvarp

FINLUX

Allar SagaForm vörur

-44%

*Nema matvara, grill, símar, snjallúr, spjald- og leikjatölvur.

HEIMKAUP.IS

Bókaþjóðin vill bækur í jólagjöf

Í tilefni Singles' Day verður hægt að klára jólagjafakaupin fyrir lítið fé og gera sér glaðan dag með heimsfrægri hönnun, húsmunum, bókum og skemmtilegri afþreyingu fyrir heimilið á penninn.is.

Bókaþjóðin vill svo sannarlega fá bækur í jólagjöf. Það virðist ekki ætla að verða nein breyting þar á um þessi jól," segir Margrét Jóna Guðbergsdóttir, vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum Eymundsson.

Þar á bæ er jólabókaflóðið í algleymingi og hægt að gera fádæma góð kaup á jólabókum á Singles' Day.

„Singles' Day stækkar með hverju árinu sem líður og það er mikil aukning í bóksölu á vefnum okkar. Við verðum með mjög fjölbreytt úrval bóka á tilboði, eitthvað fyrir alla, bæði börn og fullorðna. Jólabókasalan er komin á fullt og gengur mjög vel, fólk kaupir bækur fyrir sjálft sig og til gjafa," upplýsir Margrét.

Útgáfan er mjög sterk í ár og fjöldi titla svipaður og undanfarin ár.

„Íslensk skáldverk seljast sérstaklega vel. Prjóna- og handavinnubækur eru líka vinsælar og hafa verið undanfarna mánuði, og nokkrar nýjar og spennandi að koma út í þeim flokki. Það hefur líka verið mikil aukning í sölu á matreiðslubókum allt þetta ár, einnig sjálfsræktarbókum og kiljur seljast eins og heitar lummur, fólk bíður eftir nýjum bókum eftir uppáhalds höfundana sína," segir Margrét sem teflir fram spennandi og fjölbreyttum bókum í öllum flokkum á Singles' Day.

„Nú þegar fólk er mikið heima er fátt betra en að hreiðra um sig með góða bók. Barna- og unglingabækur ganga mjög vel og útgáfa þeirra er gróskumikil. Fólk vill að börnin sín lesi og heldur að þeim bókum. Mikið er um léttlestrarbækur og þrauta- og verkefnabækur hvers konar hafa selst vel í samkomubanninu," upplýsir Margrét og ljóst er að gnægð spennandi bóka kemur út þessa dagana, úrval sem heillar alla aldurshópa.

„Ungmennabækur er flokkur sem stækkar á hverju ári. Það eru bækur sem brúa bilið á milli barna- og unglingabóka og svo fullorðinna og henta mjög breiðum hópi."

Heimsfræg hönnun á tilboði

Tilboðsborð Pennans Eymundsson svigna af alls kyns freistandi varningi á Singles' Day.

„Singles' Day er einn af þeim dögum sem eru að festa sig í sessi á meðal Íslendinga. Viðskiptavinir nýta sér tilboðin hjá okkur, það er ekki spurning, og því ekki að dekra aðeins við sjálfan sig, kaupa sér eitthvað fallegt fyrir heimilið, eitthvað gott að lesa eða aðra afþreyingu til að njóta í vetur," segir Selma Rut Magnúsdóttir, vörustjóri gjafavöru hjá Pennanum Eymundsson.

„Á Singles' Day nú verðum við með ómótstæðileg tilboð á hönnunarvörum frá Vitra, til dæmis snögunum Hang it All, hvíta fuglinum House Bird og bökkunum vinsælu Trays og S-tidy," upplýsir Selma um eitt af vinsælustu hönnunarmerkjum heims sem fæst í Pennanum Eymundsson.

„Þar til að kemur aftur að því að geta lagst í ferðalög um heiminn er tilvalið að láta sig dreyma eða skipuleggja næsta ferðalag með Here by me-pappahnettinum frá ítalska fyrirtækinu Palomar sem verður á tilboði," segir Selma.

Hún segir aldeilis hafa fjölgað í þeim hópi sem dundar sér við að púsla.

„Hægt er að fá púsl fyrir unga

Snjóhvítur fugl frá Vitra er á tilboði.

jafnt sem aldna og þeir sem eru langt komnir í púslinu kjósa stundum að púsla allt að 3.000 bita púsluspil. Við verðum með púslmottu á tilboði á Singles' Day, hún er upprúllanleg og því einfalt að geyma hálfnað eða fullklárað púsl."

Meðal tilboða Pennans á Singles' Day eru líka minnis- og dagbækur frá Paperblanks.

„Við heyrum af því að margir kjósi að halda dagbók á þessum sérstöku tímum sem við lifum og Paperblanks-minnis- og dagbækurnar hafa verið geysivinsælar undanfarin ár, enda bæði vandaðar, fallegar og til í nokkrum stærðum. Er ekki líka alltaf skemmtilegra að punkta niður hjá sér í fallega bók," spyr Selma og hlakkar til dagsins.

„Allar þessar vörur má fá jafnt í verslunum Pennans Eymundsson og í vefversluninni penninn.is, en þangað liggur straumurinn einmitt í dag til að gera kaup ársins."

Spennandi á Singles' Day

Það er líf og fjör og mikill handagangur í öskjunni í vefverslun Pennans á Singles' Day enda hægt að gera reyfarakaup með því að nýta sér freistandi tilboð á öllum mögulegu sem í búðunum okkar fæst, jafnt smávöru sem húsgögnum og frægri hönnunarvöru. Álagið á vefnum er sannarlega mikið á þessum vinsæla tilboðsdegi en við búum svo um hnútana að fólk verði þess ekki vart og geti skoðað sig um og gert sín innkaup í ró og næði og án alls hökts," segir Sturla Bjarki Hrafnsson, vefstjóri Pennans Eymundsson.

Sturla hefur undanfarna daga undirbúið vefverslun Pennans fyrir Singles' Day.

„Á Singles' Day velja vörustjórar Pennans alls kyns spennandi vörur sem bjóðast á miklum afslætti og þá er hægt að fara inn á sérstakan Singles' Day-stað í vefversluninni penninn.is. Vefverslunin uppfærist svo mörgum sinnum á dag, bæði forsíðan, vöruframboð og tilboð, en tæknin á bak við jafn fullkomna vefverslun og Pennans Eymundsson er jafn flókin og hún er skemmtileg," útskýrir Sturla.

Frí heimsending fyrir 5.000

Frí heimsending er til viðskiptavina Pennans sem kaupa fyrir 5.000 krónur eða meira, en það á þó ekki við um húsgögn.

„Ef lítið vantar upp á að innkaupin nái 5.000 krónum gefur vefverslunin til kynna að það vanti svolítið upp á til að fylla innkaupakörfuna svo frí heimsending náist og þá er hægt að kaupa sitthvað smálegt sem nýtist vel í heimilishaldinu, penna, post-it-miða eða hvað eina til að ná 5.000 króna upphæðinni sem skilar vörunum heim, sem er góður bónus sem mjög margir nýta sér," upplýsir Sturla.

Margrét Jóna Guðbergsdóttir er vörustjóri íslenskra bóka og Selma Rut Magnúsdóttir er vörustjóri spila, leikfanga og gjafavöru hjá Pennanum Eymundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hang it all frá Vitra er líka á tilboði.

Þeir sem njóta þess að gera innkaupin heima í stofu geta gert það hvaðanæva af landinu því netverslun Pennans er öllum aðgengileg og auðvelt að sækja varninginn í næstu verslanir Pennans Eymundsson sem finna má um land allt.

„Vefbúð Pennans er stútfull af skemmtilegum möguleikum sem ekki eru allir sýnilegir við fyrstu sýn. Til dæmis er leikur einn að finna það sem vantar hverju sinni með því einfaldlega að skrifa inn orð á leitarstrenginn, til dæmis orðið fugl. Þá koma upp leitarniðurstöður um allt sem við kemur fuglum innan Pennans, svo sem bækur um fugla, fuglapúsluspil, fuglaleikföng og hönnunarvöru frá Vitra, sem er fugl. Alls eru 20 þúsund virk vörunúmer í vefverslun Pennans, sem er ekkert smáræði, og fela í sér allt frá bókum og tímaritum yfir í ritföng, spil og leikföng, og svo húsmuni og gjafavöru fyrir heimilin og skrifstofuna, en úrvalið er slíkt að hvert mannsbarn getur fundið eitthvað sem freistar þess á penninn.is," segir Sturla.

Salan margfaldast á milli ára

Það er gaman að skoða sig um og velja sér hluti í innkaupakörfuna í vefverslun Pennans. Daglega breytast 30 vörunúmer á hverri sekúndu og sífellt bætast við nýjar vörur. Vefverslunin heldur svo utan um allar tímasetningar tilboða og birgðakerfi hennar getur séð birgðastöðu í hverri verslun fyrir sig og í gegnum hana tala allar búðir Pennans saman og gera vel við viðskiptavini.

Á hverjum degi koma yfir 7.000 viðskiptavinir með mismunandi IP-tölur í heimsókn á penninn.is.

Þegar heimsfaraldur kórónaveirunnar kemur í veg fyrir heimshornaflakk er gott að láta sig dreyma um lönd og höf með pappírshnettinum Here by me frá ítalska framleiðandanum Palomar.

Sturla Bjarki Hrafnsson er vefstjóri Pennans Eymundsson og á veg og vanda af frábærri vefverslun Pennans, penninn.is.

„Á Singles' Day í fyrra voru mest 3.000 gestir á sama tíma að skoða sig um og gera góð kaup. Margir koma aftur og aftur, eða 35 prósent þeirra sem komið hafa á vefinn síðastliðna tíu daga," upplýsir Sturla og býst við að enn fleiri en endranær noti tækifærið í ár til að gera jólainnkaupin og gera vel við sig í vefverslun Pennans á Singles' Day.

„Salan hefur margfaldast á milli ára. Vegna COVID-19 hefur umferð í vefverslun Pennans aukist enn meir og voru heimsóknir í október nú 40 prósent fleiri en á sama tíma í fyrra, og 18 prósent fleiri en í september síðastliðnum. Innkaup í vefverslun okkar hafa því stóraukist á milli ára og ofboðslega gaman að sjá ríkulegt vöruúrvalið sem greinilega heillar marga. Næstu skref hjá okkur verða svo að innleiða enn fleiri lausnir sem auka þjónustu og upplifun viðskiptavina þegar þeir nota þær lausnir sem vefurinn okkar býður upp á."

Skoðaðu Singles' Day-tilboð Pennans Eymundsson á penninn.is

Fasteignablaðið

45. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 10. NÓVEMBER 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson, Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson, Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland, Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir, Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson, Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir, Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen, Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir, Löggiltur fast.
Eggert Mariuson, Löggiltur fast.
Jón Óskar, Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðviksdóttir, Löggiltur fast.
Helga Snorradóttir, Skrifstofa/skjalavinnsla
Ása Pöll Ragnarsdóttir, Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteigna-sölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Raðhús við Maríugötu í Garðabæ verða afhent í mars á næsta ári. MYND/AÐSEND

Raðhús í fallegu umhverfi

Heimili fasteignasala, sími 530 6500, kynnir í einkasölu raðhús við Maríugötu 17 – 21 við Urriðaholt í Garðabæ.

Hönnuður húsanna er Kristinn Ragnarsson arkitekt hjá KRark ehf. Um er að ræða sérlega vel skipulögð um 215 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsin verða afhent fullbúin að utan og rúmlega fokheld að innan. Mögulegt er að fá húsið afhent lengra komið. Afhending er áætluð í mars 2021. Samkvæmt teikningu húsanna er skipulag þeirra eftirfarandi:

Gengið er inn á efri hæðina og er innangengt í 24,9 fm bílskúr. Gestasnyrting með glugga. Í opnu rými eru eldhús, stofa, borðstofa og sjónvarpshol. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar svalir.

Á neðri hæðinni eru þrjú svefnherbergi, þvottahús, geymsla og baðherbergi. Gólfhiti er steyptur í plötu neðri hæðarinnar.

Húsin eru vel staðsett í nágrenni við Urriðaholtsskóla. Fallegt útsýni yfir Vífilsstaðahlíðina. Stutt í alla þjónustu og verslun. Gullfalleg útivistarsvæði í næsta nágrenni og nánast göngufæri á Urriðavöll og golfklúbbinn Odd.

Allar frekari upplýsingar veitir Finnbogi Hilmarsson, fasteignasali.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Finndu rétta starfskraftinn
með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala. Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Snjóflóðavesti
BCA vesti með Float 2.0 blöðru og 20 lítra bakpoka skóflufestingu og vasa.
Verð 109.900,-
án lofthylkis
NITRO
Nitró • Urðarhvarfi 4 • 557 4848 • nitro.is

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

myranaut
15% AFSLÁTTUR Í NÓVEMBER
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd léttir lífið

zopure Serum dropar
Íslenskt undur sjávarensíma

Skólar & Námskeið

Kennsla

KENNSLA - NÁMSAÐSTOÐ
Kenni stærðfræði, eðlisfræði, bókfærslu, íslensku og fleira.

Bý nemendur undir próf.
Uppl. í síma 899 9365

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Leiga 63 þús. á mánuði. Uppl. í síma 893 3475

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

DEIT.IS
STEFNUMÓTASÍÐA
Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

gott cbd njóttu vel

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Stækkun eldisstöðvar Ísþórs í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Eldisstöðvarinnar Ísþórs er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

SPRENGHLÆGILEG ÆRSLASAGA

Eftir 17 ára hlé snýr Yrsa Sigurðardóttir loksins aftur sem barnabókahöfundur. Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin er sannkölluð ærslasaga þar sem einstakur húmor Yrsu fær að njóta sín. Teikningar Kristínar Sólar Ólafsdóttur auka enn á gildi þessarar skrautlegu og stórskemmtilegu sögu um gildi vináttunnar.

„SKEMMTILEG OG SPENNANDI SAGA, FULL AF HÚMOR OG FRÁSAGNARGLEÐI!“

Úr umsögn dómnefndar Íslensku barnabókaverðlaunanna 2003 um Biobörn.



VERÖLD

bjartur-verold.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 4 ↑	3 °C | 7 ↑	5 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
5 °C | 2 ↑	4 °C | 3 ↙	-1 °C | 7 ↑

Sunnan 3-10 í dag og skúrir eða slydduél, en bjartviðri á Norður- og Austurlandi. Breytileg átt í kvöld með rigningu, slyddu eða snjókomu um landið austanvert. Hiti 0 til 6 stig.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 2 ↖	2 °C | 6 ↑	4 °C | 6 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 3 ↑	2 °C | 3 ↙	-3 °C | 9 ↑

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 8 ↙	1 °C | 2 ↖	-8 °C | 1 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 1 ↑	4 °C | 9 ←	-2 °C | 3 ↘

LÉTT

	3	7	6		2		4	
6					5		2	
9	5			4	8			1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
			1		4	7		
		9		8				
8	1							

MIÐLUNGS

	4	6	2			7		
5	7	8				1		
9	1					8		4
	6					2		
	5		8				6	3
		3	4	5	6			8
	8		6	4	5		9	
			1	8	9		4	
				3				

ÞUNG

					7			6
		5				4		9
	2							
				2		9	7	8
9	5				8			3
			7				5	
1	3	4			2			7
6	7	2		5	9	3		1

Krossgáta

LÁRÉTT
1 ról
5 vesal
6 ákefð
8 taumhald
10 tveir eins
11 löngun
12 hinkraði
13 daunill
15 útskýring
17 samning

LÓÐRÉTT
1 slengjast
2 mokað
3 væl
4 fugl
7 hnokkinn
9 dyntir
12 flet
14 ferð
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 kreik, 5 aum, 6 as, 8 stjórn, 10 tt, 11 brá, 12 beið, 13 stæk, 15 túlkun, 17 ritun
LÓÐRÉTT: 1 kastast, 2 rutt, 3 emj, 4 karr, 7 snáðinn, 9 ópekkt, 12 bæli, 14 tútr, 16 uu

Skák

Gunnar Björnsson

Beth Harmon, söguhetjan okkar úr Queen's Gambit á Netflix, átti leik gegn Harry Beltik á meistaramóti Kentucky á sjöunda áratugnum.

41. Dxg6+! Kxg6 42. H1f6+ Kg5 43. Hf5+ Kh6 44. H7f6+ Kh7 45. Hh5+ Kg8 46. Hg5 Kh7 47. Bf5# 1-0. Með sigrinum tryggði Harmon sér skákmeistaratitil Kentucky. Óhætt er að mæla með þáttunum fyrir alla skákáhugamenn.

www.skak.is: Þriðjudagsmót TR.

Hvítur á leik

5	4	7	9	2	8	3	6	1
6	8	1	7	3	4	9	2	5
9	2	3	5	6	1	4	7	8
7	9	4	1	8	2	5	3	6
2	1	5	3	9	6	7	8	4
3	6	8	4	5	7	2	1	9
8	7	2	6	4	5	1	9	3
1	5	9	8	7	3	6	4	2
4	3	6	2	1	9	8	5	7

5	6	1	3	7	2	4	8	9
4	3	7	5	8	9	2	6	1
8	9	2	1	6	4	3	7	5
6	4	3	7	9	5	8	1	2
9	7	8	4	2	1	5	3	6
1	2	5	6	3	8	7	9	4
2	1	9	8	4	3	6	5	7
7	8	4	9	5	6	1	2	3
3	5	6	2	1	7	9	4	8

6	1	2	7	5	4	3	8	9
3	4	5	9	6	8	2	1	7
7	8	9	1	2	3	4	5	6
1	9	4	5	3	7	6	2	8
2	6	3	4	8	9	5	7	1
8	5	7	2	1	6	9	3	4
9	2	8	3	4	1	7	6	5
4	3	1	6	7	5	8	9	2
5	7	6	8	9	2	1	4	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Orti ljóðabálk um draugagang og son grafara

Sonur grafarans er ný ljóðabók eftir Brynjólf Þorsteinsson, númer tvö í röðinni. Ljóðabálkur um son grafara sem lendir í miklum draugagangi. Skáldið hét því fyrir nokkrum árum að fara að trúa á drauga.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

VIÐ EIGUM MJÖG RÍKAN DRAUGASAGNAARF SEM MÉR FANNST MJÖG GAMAN AÐ VINNA MEÐ VIÐ SKRIFIN OG SÓTTI Í.

Sonur grafarans er ný ljóðabók eftir Brynjólf Þorsteinsson. „Aðalkarakter bókarinnar er sonur grafarans sem missir foreldra sína og lendir í miklum draugagangi," segir Brynjólfur. Hann bætir við að faðir hans sé reyndar grafari fyrir austan en ítrekar að bókin sé skáldskapur frá upphafi til enda.

Ljóðabókinni er skipt í þrjá hluta. „Fyrsti hluti fjallar um uppvöxt og æskuár sonar grafarans. Miðhlutinn er undirlagður af draugagangi og þriðji hlutinn er endirinn á þessu öllu saman." Aðspurður segir Brynjólfur að hlutir fari ekki vel í þessari draugaljóðabók. „Þannig verða víst bækur að vera stundum."

Í bókinni er að finna tilvitnanir í Þjóðsögur Jóns Árnasonar og Íslenska þjóðhætti Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili. „Við eigum mjög ríkan draugasagnaarf sem mér fannst mjög gaman að vinna með við skrifin og sótti í.

Eitt ljóð er síðan byggt á alþýðulækningakaflanum í Íslenskum þjóðháttum eftir Jónas Jónasson sem hafði mikil áhrif á mig því fólk gekk í gegnum ýmislegt hér áður í veikindum."

Spurður hvort hann trúi á eða hafi trúað á drauga segir Brynjólfur: „Ég er frekar jarðbundinn maður og trúi eiginlega engu. Fyrir nokkrum árum strengdi ég þess heit að fara að trúa meira á drauga en hef svo sem ekki staðið við það heit."

Sonur grafarans er önnur ljóðabók Brynjólfs. Fyrri bók hans er Þetta er ekki bílastæði sem kom út í fyrra og hlaut afar góðar viðtökur. Hann segir bækurnar tvær ekki líkar. „Sú síðasta samanstóð af stökum ljóðum, núna langaði mig til að skrifa ljóðabálk."

Ég er frekar jarðbundinn maður, segir ljóðskáldið Brynjólfur Þorsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Pínóleikur sem fær hárin til að rísa

TÓNLIST

Pínógoðsagnir
★★★★★
Umsjón: Víkingur Heiðar Ólafsson á Rás 1.

Einu sinni var pínóleikari uppi á sviði fyrir fullu húsi. Hann dró gamlan sokk upp úr vasanum og sagði að Chopin hefði átt hann. Svo hengdi hann sokkinn á pínóið. Þar var hann alla tónleikana. Á öðrum tónleikum tilkynnti hann áheyrendum að hann væri í nærbuxum Chopins.

Þetta var Vladimir de Pachmann. Frá honum er sagt í frægri bók eftir tónlistargagnrýnandann Harold Schonberg, The Great Pianists. Bókin var biblían mín þegar ég var táningur. Hún fjallaði ítarlega um alla helstu pínóleikarana og var skreytt fyndnum sögum. Pachmann var mesti trúðurinn og fólk flykktist á tónleikana hans, ekki til að hlusta á tónlistina, heldur vita hvað hann myndi gera næst.

Áhugi og ástríða Víkings Heiðars á tónlist er smitandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mozart sýndur í versta ljósi

Upplifunin er svipuð í þáttaröð Víkings Heiðars Ólafssonar, Pínógoðsagnir, sem er á Rás 1 á RÚV. Þar er líka fjallað á safaríkan hátt um átta goðsagnakennda pínóleikara sem Víkingur hefur mestar mætur á. Vladimir de Pachmann kemur að vísu ekki við sögu, en margt er samt bráðskemmtilegt. Ég hló dátt þegar Glenn Gould spilaði brot úr sónötu eftir Mozart eins hranalega og honum var unnt, bara til að sýna hvaða álit hann hafði á tónskáldinu. Hann var á þeirri skoðun að Mozart hefði orðið fimm árum of gamall!

Pínóleikararnir sem um ræðir eru Emil Gilels, Benno Moiseiwitsch, Glenn Gould, Marta Argerich, Arturo Benedetti Michelangeli, Sergei Rakhmanínoff, Vladimir Horowitz og Dinu Lipatti. Víkingur fjallar um þá af yfirburðaþekkingu, hann kann sæg af sögum og spilar sjaldheyrðar upptökur.

Bach í mismunandi myndum

Í þættinum um Gould eru til dæmis tónleikaupptökur af Goldberg-tilbrigðum Bachs sem fæstir hafa heyrt. Til eru tvær stúdíóupptökur af þessu mikla verki með Gould, og það eru fjölmörg ár á milli þeirra. Munurinn á þeim er gríðarlegur og sýnir hve hægt er að túlka sömu tónlistina á ólíkan hátt. Í þættinum leikur Víkingur brot af þriðju upptökunni, sem er talsvert ólík hinum tveimur. Þar er enn eitt sjónarhornið á Bach. Klassísk tónlist kemur stöðugt á óvart.

Brjálæðislegt niðurlag

Þættirnir eru opinberun. Umfjöllunin um Mörtu Argerich er í algerum sérflokki. Geta hennar og tækni er langt fyrir ofan flesta aðra. Hárin rísa þegar hún leikur brjálæðislegt niðurlagið í ungverskri rapsódíu eftir Liszt snemma í þættinum. Argerich er þó ekki bara yfirborðslegur virtúós, en hún er skapmikil og tækni hennar gerir henni kleift að fá fullkomna útrás í tónlistinni. Ég var persónulega aldrei neitt hrifinn af Argerich, en þáttur Víkings hefur breytt því. Á Spotify eru ótal plötur með henni sem eru svo sannarlega tilhlökkunarefni að kynnast.

Yfirbragð þáttanna er frjálslegt. Víkingur er í hlutverki plötusnúðs, en hann er líka persónulegur og tengir pínóleikarana við sína eigin list, feril og uppvaxtarár. Hann segir vel frá og áhugi hans og ástríða á tónlist og túlkendum er smitandi. Útkoman er engu lík.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Pínógoðsagnir eru fyrsta flokks útvarpsefni, fróðlegt og skemmtilegt.

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM OG ÓDÝRASTA ELDSNEYTI LANDSINS Á DALVEGI, REYKJAVÍKURVEGI OG Á MÝRARVEGI, AKUREYRI
SKILYRÐISLAUST
Orkan - Ódýrt fyrir alla
ORKAN

bauhaus.is

BAUHAUS®

Nú getur þú hringt og pantað vörurnar sem þig vantar í BAUHAUS í síma **515-0800**



A hólf

Timbursala
Hellur
Múrefni
Einangrun
Pallaefni
Plötur

B hólf

Parket
Gluggar og hurðir
Flísar
Baðland
Upplýsingaborð
Salerni

C hólf

Vélar og verkfæri
Háþrýstidælur
Plastkassar
Hillur og hilluefni
Hreinsiefni
Bílavörur

D hólf

Ljós
Ljósaperur
Rafmagnsefni
Málningarvörur
Filmur og veggfóður
Teppi

E hólf

Jólaljós
Jólavörur
Grill og fylgihlutir
Garðaland
Garðverkfæri
Silkiblóm

Opið virka daga frá kl.08.00-19.00 og um helgar frá kl.10.00-18.00.

Í ljósi aðstæðna með hámarksfjölda viðskiptavina höfum við þurft að loka af verslun okkar til að geta þjónustað fleiri. Athugaðu að nú eru inngangarnir fleiri og mismunandi vörur í hverju hólfi. Ekki er innangengt á milli hólfa og ef versla á vörur sem ekki eru í sama hólfi þarf að greiða fyrst fyrir vörur í einu hólfi og fara svo út til að færa sig yfir í næsta hólf. Vertu búinn að kynna þér hvert þú átt að fara áður en þú kemur til að heimsóknin verði sem styst.

Við biðjum viðskiptavini um að sýna þessum tímabundnu ráðstöfunum skilning, í ljósi aðstæðna verður skert þjónusta.

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Við hjá BAUHAUS könnum reglulega sölu- og einingaverð sömu vara á markaðnum og við bjóðum, til að þú getir verið viss um að þú sért að greiða lágt verð og gera góð kaup hjá okkur.

**Slagorðið okkar „Við jöfnum verðið“ þýðir að ef þú finnur sömu vöru og þú keyptir hjá BAUHAUS ódýrari hjá seljanda hér á Íslandi,
þá jöfnum við það verð. Svo einfalt er það!
Þú finnur nánari upplýsingar inn á heimasíðu okkar: bauhaus.is**

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

BAUHAUS REYKJAVÍK
Lambhagavegur 2–4
113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is
www.bauhaus.is



Heill heimur af rafmagnsverkfærum

Alltaf með besta úrvalið
Alltaf með sérfræðiráðgjöf
Alltaf með bestu verðin - með verðjöfnun

DEWALT Real Bosch! makita AEG
BLACK+DECKER RYOBI BOSCH STANLEY FATMAX metabo TJEP

ÁBYRGÐ 5 ÁRA BAUHAUS

18.995.-

Fjölverkfæri

Alhliða fjölverkfæri með 300 W mótor. Hraði 10.000-22.000 snúningar/mín. Þyngd: 1,4 kg. 5 blöð og 1 slípiplatti fylgja með.

11.395.-

Black & Decker 18V slagborvél

Hám. snún.: 40 Nm. Hraði: 0-360/0-1400 rpm. 18V. Rafhlaða: 1x 1,5 AH. Lithium-Ion rafhlaða. Hám. borgeta í við, stál og múr: 25 mm, 10 mm, 10 mm.

39.995.-

Bor-/skrúfvél

2x2, 0 AH STANLEY FAT. Borvél 18V og 18V ledljós saman í tösku.

Kjarakaup

345.-
~~595.-~~

Rúðuvökvi

Þolir allt að -21 gráðu. 3 lítrar. Stykkjaverð.

Black & Decker rafhlöðuskrúfjárn

Skrúfjárn 3,6V. BCRTA01-XJ. Er með B&D bor, sem getur notað margar tegundir sexkanta og bitasetta.

4.995.-
~~5.995.-~~

TILVALIN JÓLAGJÖF!

Höggborvél

DCD778S2T-QW. Sterk og meðfærileg 18 V XR Li-Ion borvél fyrir öll verkefni. Með tveimur hraðastillingum. 2x 1,5 AH rafhlöður, hraðhleðslutæki og taska fylgja

29.995.-
~~34.495.-~~

metabo

Höggbor-/skrúfvél

SB 18L. 1.350 snún./mín. Snúningsvægi 25-50 Nm. Þvermál borunar í múr/stál og tré: 10/10/20 mm. 2 stk. 2,0 AH Li-ion rafhlöður og hleðslutæki fylgja. Plasttaska með fylgihlutum fylgir

29.995.-
~~32.995.-~~

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins frá fimmtudegi 29. október til og með sunnudeginum 15. nóvember, meðan birgðir endast.

HERITAGE BORÐSTOFUBORÐ **144.492** KR. ~~169.990~~ KR.
HERITAGE SKENKUR **144.492** KR. ~~169.990~~ KR.
HERITAGE BEKKUR **55.242** KR. ~~64.990~~ KR.

CLEVELAND U-SÓFI, HÆGRI EÐA VINSTRI TUNGA, GRÁTT ÁKLÆÐI
161.492 KR. ~~189.990~~ KR.

BRISTOL
SVART LEÐUR
93.492 KR. ~~109.990~~ KR.

GALWAY
COUNTERSTÓLL, FJÓRIR LITIR
15.992 KR. ~~19.900~~ KR.

FLAIR HÆGINDASTÓLL, ÞRÍR LITIR
LJÓSBRÚNN, GRÁR OG SVARTUR
47.992 KR. ~~59.990~~ KR.

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Fjallað er um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Lífið er lag Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 Lífið fyrst – Undirskriftasöfnun 39.is Þáttur helgaður baráttu Geðhjálpar og Píeta samtakanna um að setja geðheilbrigðismál í forgang. Umsjón: Linda Blöndal.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2006 - 2007
09.55 Á líðandi stundu 1986
11.00 Íþróttaafrek sögunnar Greg LeMond og Nadia Comaneci
11.25 Heimaleikfimi
11.35 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2007-2008
12.20 Stóra sviðið
13.00 Moldvarpan
14.05 Kæra dagbókKære
14.35 Gettu betur 2018 Kvennó - FG
15.55 Í góðri trú - saga íslenskra mormóna í Utah
16.30 Kvöldstund 1972 - 1973
17.20 Menningin - samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurmennaáskorunin
18.29 Víkingaþrautin Dularfulla leyniherbergið
18.39 FrímóDiskadósir og Út í skó
18.49 Lífið er lestur Á FÓTBOLTAVELLINUM
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Okkar á milli
20.35 Vestfjarðavíkingurinn Keppni aflraunamanna á Vesturlandi og Vestfjörðum var haldin í júlí síðastliðnum, 28. árið í röð. Þar þreyttu sterkustu menn Íslands fjölbreyttar þrautir. Í þættinum er fylgst með æsilegri keppni og átökum og fjallað um fleira sem fyrir augu bar á Vesturlandi meðan á keppninni stóð.
21.30 Fósturbræður Back
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Þegar rykið sest Når støvet har lagt sig Dönsk leikin þáttaröð í tíu hlutum sem segir sögu átta ólíkra einstaklinga dagana fyrir og í kjölfar hryðjuverkaárásar í Kaupmannahöfn. Sögupersónurnar þekkjast ekki fyrir en leiðir þeirra liggja saman á ýmsa vegu dagana eftir árásina. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Svikamylla Bedrag
00.15 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 European Tour 2020 Útsending frá Cyprus Classic.
12.00 European Tour 2020 Útsending frá Cyprus Classic.
17.00 European Tour 2020 - Highlights
17.25 European Tour 2020 Útsending frá Cyprus Classic.
21.55 European Tour 2020 Útsending frá Cyprus Classic.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 90210
13.15 The Late Late Show
14.00 American Housewife
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 mixed-ish
20.00 The Block
21.00 Innan vi dör Sænsk spennuþáttaröð af bestu gerð. Hanna Svensson er lögreglukona í Stokkhólmi. Hún berst við glæpagengi sem svífast einskis í baráttunni um völd í undirheimunum.
21.50 Bull
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Nurses
02.30 68 Whiskey
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (20 af 32)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.55 Ace Ventura. Pet Detective
11.20 Housesitter
13.00 Wolves
14.45 Ace Ventura. Pet Detective
16.10 Housesitter
17.45 Wolves
19.35 Ace Ventura. Pet Detective
21.00 The Command
22.55 Collide
00.30 The Duel
02.15 The Command

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
10.55 First Dates
11.40 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 Britain's Got Talent
13.50 Britain's Got Talent
14.45 The Arrival
15.45 BBQ kóngurinn
16.05 Your Home Made Perfect
17.05 The Mindy Project
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Last Man Standing
19.30 Shark Tank
20.20 Hell's Kitchen USA
21.05 The Sounds
21.50 Warrior
22.40 Last Week Tonight with John Oliver
23.10 The Undoing
00.05 Mary Kills People
00.50 Mary Kills People
01.30 Mary Kills People
02.15 Deadwater Fell
03.00 Deadwater Fell

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Splitting Up Together
21.05 Supernatural
21.50 Insecure
22.20 Orange is the New Black
23.20 Warrior
00.10 Friends
00.35 Friends
00.55 Splitting Up Together

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Lokomotiv Moskva - Atletico Madrid
10.40 Real Madrid - Inter
12.20 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís-deildar karla.
13.35 Atalanta - Liverpool
15.15 Manchester City - Olympiacos
16.55 Meistaradeildarmörkin
17.25 Dominos Körfuboltakvöld Kjartan Atli fer yfir stöðu mála í Dominos-deild karla ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
18.40 Stúkan - Uppgjörsþáttur
20.45 Manstu 2 Önnur þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu spurningaþáttum þar sem allt snýst um íþróttir, í umsjón Guðmundar Benediktssonar.
21.20 Manstu 2
21.55 Manstu 2
22.35 Manstu 2
23.10 Manstu 2
23.40 Manstu 2
00.20 Manstu 2

STÖÐ 2 SPORT 2

09.00 Cardiff City - Bristol City
10.40 Reading - Stoke City
12.20 Football League Show
12.45 Cagliari - Sampdoria
14.25 Benevento - Spezia
16.05 Parma - Fiorentina
17.45 Ítölsku mörkin
18.35 Spænsku mörkin
19.25 Sevilla - Osasuna
21.05 Buffalo Bills - Seattle Seahawks Útsending frá leik í NFL.
23.40 Arizona Cardinals - Miami Dolphins Útsending frá leik í NFL.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Spennandi Hyundai i20.

Heimsending á reynsluakstri

Pantaðu tíma hjá okkur í síma 575 1200,
við komum með bílinn, sótthreinan og fínan,
og sækjum hann svo aftur til þín.

Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Hyundai i20. Verð frá: 2.590.000 kr.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina viðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM003234

Geðveikin reddar reikulum ráðherra

SJÓNVARP

Ráðherrann
★★★☆☆

Leikstjórn: Nanna Kristín Magnúsdóttir, Arnór Pálmi Arnarson
Handrit: Björg Magnúsdóttir, Birkir Blær Ingólfsson, Jónas Margeir Ingólfsson
Aðalhlutverk: Ólafur Darri Ólafsson, Anita Briem, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson

Þeir eru dálítið fjarskyldir raunveruleikanum, þessir flokksformenn.

Þorvaldur Davíð glansar sem pólitískur smjörkúkur. MYNDIR/LILJA JÓNS

Unnur Ösp Stefánsdóttir er á meðal fjölda stórgóðra aukaleikara sem styðja þétt við þau Ólaf Darra og Anítu Briem.



Þuríður Blær leikur aðstoðarmann Benedikts og fulltrúa áhorfenda.

Sjálfsagt ráða andleg veikindi Benedikts Ríkarðssonar miklu um hversu erfitt er að ná almennilega utan um bæði persónuna og þættina átta sem fylgja forsætisráðherranum í gegnum andleg veikindi sem enda með milljón prósent maníu með tilheyrandi átökum, axarsköftum, áföllum og eftirsjá.

Þótt aðalpersónan sé í miklu ójafnvægi liggur styrkur og um leið einn helsti veikleiki þáttanna einmitt í ógnarjafnvæginu milli innihaldsins og umgjarðarinnar. Geð Benedikts sveiflast og þættirnir átta sveiflast með. Í allar áttir þannig að heildin er allt í senn áhrifarík, skemmtileg, hröð, langdregin, spennandi, leiðinleg, fáránleg, rökrétt, jarðbundin en um leið alveg úti í móa þannig að sagan „meikar stundum sens“ á milli þess sem hún týnist í dalalæðu einhvers staðar uppi á heiði. Alveg eins og Benedikt sjálfur.

Geggjuð hugmynd

Grunnhugmyndin að þáttunum er býsna snjöll. Hjartagóður guðfræðingur verður formaður Sjálfstæðisflokksins og leiðir síðan ríkisstjórn eftir frækilegan kosningasigur sem grundvallast á ákalli hans um 90% kosningaþátttöku og loforðum um að hlusta á þjóðarviljann. Hver svo sem hann nú er þar sem sumir eru þjóðin en aðrir ekki.

Undirliggjandi er síðan geðhvarfasýki hins góða stjórnmálamanns sem finnst eftir því sem á líður og manían vex ekkert athugavert við það að keyra góð mál í gegn með gerræðislegum einræðistilburðum. Þegar Benedikt veður síðan í gegnum seigfljótandi samspillingu flokkakerfisins kemst hann auðvitað að því, síðastur allra væntanlega, sem við öll vitum. Að það breytist aldrei neitt í stjórnmálunum og sannleikurinn er svo afstæður og óvinsæll að sennilega þarf akkúrat geðhvarfasjúkling í maníu til þess að koma hreyfingu á fúafenið og fá einhverju breytt.

Pólitísk fantasía

Frá þessum kögunarhóli er líklega eðlilegast að líta á Ráðherrann sem einhvers konar pólitíska fantasíu. Útópíu jafnvel þar sem aðeins góð manneskja, sem missir tökin á tilverunni, getur rifið lygavefina, snúið rótgrónu ranglæti og látið pólitíkina snúast um fólk, eins og hún ætti með réttu að gera.

Þarna stendur hins vegar einn pólitíski bakstungurýtingurinn í Ráðherrakúnni þar sem sterkar raunveruleikatengingar þvælast ekki aðeins fyrir Benedikt heldur þáttunum sjálfum.

Hvar er VG? Maður eins og Benedikt gæti aldrei orðið formaður Sjálfstæðisflokksins! Hvað er málið með þennan hund? Er hann í alvörunni? Hvernig komst hundurinn Leó til Akureyrar? Samfylkingin myndi aldrei taka þátt í þessu. Voðalega er þetta eitthvað skrýtinn þingsalur. Veit enginn í þessu samfélagi hvað geðhvarfasýki er?

Þessar og fleiri svipaðar athugasemdir byrjuðu að bergmála um samfélagsmiðlana strax frá fyrsta þætti. Og já, talandi um samfélagsmiðla, þá er eins og þeir séu ekki til í söguheimi Benedikts fyrir utan einn þátt þar sem Twitter verður rödd þjóðarviljans. Kannski lúta Facebook og Twitter bara sömu lögmálum og hundurinn Leó. Nú eða kannski lýtur skáldskapurinn bara sínum eigin lögmálum og það er fánýt iðja að amast við honum.

Svona er bara heimur Benedikts og ekkert við því að gera þótt mögulega hefði farið betur á því að rjúfa beintenginguna við raunveruleikann með því að kalla stjórnmálaflokkana eitthvað annað en Sjálfstæðisflokk, Framsóknarflokk, Pírata, Samfylkingu og Flokk fólksins. Þá hefði fólk í það minnsta losnað við að fárast yfir fjarveru VG og þeirri absúrd kómík að annað eins ljúfmenni og Benedikt væri leiðtogi Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfum fannst mér í það minnsta ágætt að Fréttablaðið hét bara Blaðið. Annars hefði ég örugglega neyðst til þess að láta það fara meira í taugarnar á mér hversu mikill leppalúði blaðamaðurinn þar er.

Lykkjuföll á teygðum lopa

Hver og einn verður vitaskuld að eiga það við sjálfan sig hversu mikið hann nennir að láta slíka árekstra og núning milli raunveruleikans og veruleika þáttanna trufla sig. Ágætt samt að hafa í huga að meiri fjarlægð þarna á milli hefði getað kostað okkur prófessor Ólaf Þ. Harðarson og Boga Ágústsson að leika sjálfa sig með miklum stæl.

> **ÞEGAR VERULEIKATENGINGAR BENEDIKTS ROFNA ALGERLEGA HRISTIR RÁÐHERRANN AF SÉR DOÐANN OG VIÐ TAKA ÞRÍR ÁTAKANLEGIR OG ERFIÐIR ÞÆTTIR.**

Hæg og á köflum brokkgeng framvindan er hins vegar öllu áþreifanlegri ljóður á ráði höfunda Ráðherrans og að ósekju hefði annaðhvort mátt þjappa sögunni í færri þætti eða, enn frekar, nýta skjátímann betur til þess að fletja söguna betur út og kafa dýpra ofan í geðveiki Benedikts.

Þegar þessi lopi er teygður, eins og hann er, yfir átta klukkutíma eru hraðahindranir og dauðir kaflar að því er virðist óhjákvæmilegir. Hægur takturinn í fyrsta þætti gaf þó skýrt til kynna að ekkert væri verið að flýta sér og því er nú varla hægt að kvarta yfir pólitískum blekkingum í þessum efnum.

Áhuganum var síðan viðhaldið ágætlega með öðrum þætti en eftir hann byrjuðu lykkjuföllin. Þegar maður var síðan við það að missa áhugann og sá fram á að horfa á afganginn af skyldurækni hrukku þættirnir heldur betur í gang þegar Benedikt byrjar fyrir alvöru að keyra sig upp í maníu og slá á fingur Útlendingastofnunar.

Vitleysan meikar sens

Þegar veruleikatengingar Benedikts rofna algerlega hristir Ráðherrann af sér doðann og við taka þrír átakanlegir og erfiðir þættir sem rista djúpt og lýsa með ágætum hversu skæð hin lúmska manía getur verið þegar hún nær hámarki.

Þarna sýnir Ólafur Darri líka svo um munar hversu firnasterkur leikari hann er og bætir einni fegurstu rósinni í löngu yfirfullt hnappagatið. Satt best að segja er töfrum líkast hversu mikið þessi frábæri leikari getur sagt með þögninni, augunum, hreyfingum og svipbrigðum.

Handahófskenndar og á köflum undarlegar vörðurnar sem Benedikt og Ólafur Darri höfðu hlaðið á leið þess fyrrnefnda til sturlunar verða allt í einu þegar litið er til baka að þráðbeinni og sannfærandi vegferð manns út í fullkomna maníu. Mörg vitleysan sem á undan er gengin meikaði skyndilega sens, eins galið og það kann að hljóma.

Þverpólitískur stórleikur

Þótt Ráðherrann hvíli fyrst og fremst á reyndum öxlum Ólafs Darra njóta hann og þættirnir þess að valinn leikari er í hverju rúmi. Ráðherrann er þvert yfir ofboðslega vel leikinn og það eru ekki síst leikararnir sem ná að breiða yfir hnökrana í sögunni og framvindunni.

Aníta Briem glansar í hlutverki Steinunnar, eiginkonunnar sem stendur þétt við hlið hins geðveika en hagar þó seglum eftir öðrum vindum en blása endilega í segl Benedikts. Aníta leikur sér fram og aftur um tilfinningaskalann með áhorfendur í fyrirhafnarlitlu eftirdragi.

Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Þuríður Blær Jóhannsdóttir kreista síðan flesta dropa út úr hinu (andstæðu) parinu, Grími varaformanni og Hrefnu sem situr heldur betur í súpunni sem smánuð eiginkona þingforsetans og aðstoðarmaður veruleikafirrta ráðherrans.

Þau njóta þess einnig að Grímur og Hrefna eru hvort á sinn hátt jarðtengdustu persónur þáttanna og um leið þau sem auðveldast er að tengja sig við og skilja. Hrefna er öðrum þræði fulltrúi kjósenda, venjulegs fólks sem kýs gegn spillingu og með heiðarleika en fær einhvern veginn engu breytt og aldrei það sem það vill.

Grímur er síðan aftur á móti erkitýpa hins tækifærissinnaða og spillta stjórnmálamanns. Dæmigerður hægri smjörkúkur eins og við kjósum að skilja þá en þó fyrst og fremst mannlegur og skemmtilega brjóstumkennanlegur í meðförum Þorvaldar Davíðs.

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTAÐA: Ráðherrann er svolítið reikull og rótlaus þar sem góð grunnhugmynd að fallegri pólitískri fantasíu líður fyrir hnökra í handriti, teygðan lopa og hæga framvindu. Sterkur leikhópur með Ólaf Darra í fremstu víglínu bjargar þó miklu framan af og þetta steinliggur allt í mögnuðum endasprettinum þegar geðveikin tekur öll völd.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.

★★★★★

SJÓN ER SÖGU RÍKARI



KIROPRAKTORSTOFA ÍSLANDS

„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á **King Koil.**
Ég mæli persónulega og faglega með **King Koil.**"

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Færa listina til fólksins

Listasafn Einars Jónssonar hóf svokallaða listhugleiðslu undir handleiðslu safnvarðarins **Höllu Margrétar** í febrúar. Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn og því mun tæknin verða nýtt til að færa listina til fólksins með streymi næsta þriðjudag.

Listasafn Einars Jónssonar hóf í byrjun febrúar að bjóða upp á svokallaða listhugleiðslu undir handleiðslu safnvarðarins, rithöfundarins, leikkonunnar og jógakennarans Höllu Margrétar Jóhannesdóttur. Hún segir að sérþekking hennar á þessum sviðum nýtist vel í framsetningu viðburðanna.

Til stóð að bjóða upp á listhugleiðsluna í hádeginu alla þriðjudaga, en stuttu síðar skall kórónafaraldurinn á og setti eðlilega strik í reikninginn. Tímabundið náðu þau að bjóða upp á leiðsluna á nýjan leik milli bylgja. Undanfarið hefur þurft að aflýsa viðburðinum en að viku liðinni verður tekið upp á því að streyma listhugleiðslunni í beinni, svona til að mæta breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.

„Við erum að reyna að aðlaga okkur nýjum tímum. Til að byrja með vorum við með þetta vikulega á þriðjudögum. Við kölluðum þetta Hæglæti í hádeginu. Ef þú ert til dæmis að vinna niðri í bæ þá gætir þú til dæmis rölt upp á Skólavörðuholt og nærandi stefnumót við listaverk. Þetta byrjar 12.10 og stendur til 12.50, þannig að þú færð góðan tíma til að koma þér á staðinn og svo getur þú gripið eitthvað með þér þegar þú ferð til baka," segir Halla Margrét.

Skýr rammi

Hún segir því hugsunina í kringum viðburðinn vera að bjóða upp á rólegheit og þægindi.

„Þetta gengur þannig fyrir sig að fólk mætir á staðinn. Ég er þá búin að velja eitt verk, það er sem sagt bara eitt verk tekið fyrir í einu. Þannig að fókusinn er mjög skýr. Fólk mætir á svæðið og ég fer vel yfir skipulagið og hvernig þetta fer fram. Þannig að þetta er allt í mjög skýrum ramma."

Fyrstu tíu mínúturnar fara í það að gestir skoða verkið sem valið hefur verið í þögn.

„Þá hvet ég fólk til að skoða verkið frá ýmsum sjónarhornum. Stundum er hægt að fara hringinn í kringum verkin, því þetta eru höggmyndir. Stundum eru þetta lágmyndir. Ég hvet þau til að fara nálægt, fara langt frá, tylla sér á tá, beygja sig niður. Það eru alls konar smáatriði í verkunum sem eru áhugaverð. Það að skoða verkið í þögn er ótrúlega mikil upplifun."

Breiður hópur

Hún segir það virðist tíðkast í dag að gestir á listasöfnum fari hratt í gegnum verkin.

„Það eru margir sem skanna eiginlega bara sýningarnar. Það er mjög áhugavert að gefa sér tíma til að skoða. En eftir að fólk hefur skoðað verkið í tíu mínútur sest fólk aftur og ég leiði viðstadda inn í hugleiðslu. Í framhaldinu sitjum við í þögn og hugleiðum við verkið. Eftir það er svo fræðsla um verkið. Stundum spretta upp skemmtilegar samræður eftir það. Svo heldur fólk ýmist áfram að skoða safnið þegar þessu lýkur eða það fer bara aftur í vinnuna," segir hún og hlær.

Halla Margrét segir að henni þyki sérstaklega vænt um hversu breiður hópur fólks sæki hugleiðsluna.

„Það er ótrúlega gaman að segja frá því að við eigum nokkra fastagesti. Þeir eru á alveg ótrúlega ólíkum aldri. Alveg frá háskólastúdentum upp í eldri borgara. Það er svo dýrmætt hvernig hefur skapast nokkurs konar klúbbur á svona breiðu aldursbili. Það er ekkert á mörgum stöðum sem þú kemst í þannig hóp. Okkur þykir alveg rosalega vænt um það og þessa fastagesti okkar," segir hún.

Nýta tæknina

Líkt og áður kom fram verður viðburðinum streymt næsta þriðjudag vegna samkomutakmarkana. Listhugleiðslunni sem fram átti að fara í dag varð því miður að aflýsa vegna þeirra.

Halla Margrét hefur starfað sem safnvörður á Listasafni Einars Jónssonar í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ MENNINGARSTARFSEMI OG SÖFN OPNI Á ÞÁ MÖGULEIKA SEM ERU Í BOÐI TÆKNILEGA, TIL AÐ NÁ TIL FÓLKS.**

„Við höfum prófað það einu sinni áður. Við stefnum á að reyna að gera það reglulega, hvort sem það er COVID eða ekki. Því við finnum að við náum þá til fleira fólks sem kemst kannski ekki á staðinn, hvort sem það er heimsfaraldur í gangi eða ekki. Það er mikilvægt að menningarstarfsemi og söfn opni á þá möguleika sem eru í boði tæknilega, til að ná til fólks. Það er svo dýrmætt að listin nái til fólks."

Halla Margrét hefur unnið sem safnvörður á safninu í hlutastarfi í tvö ár.

„Það er alveg stórkostlegt að vera innan um þessi listaverk. Svo er ég leikari, skrifa og jógakennari. Þannig að þessi listhugleiðsla varð eiginlega til sem smá samsuða úr þessu. Það var tekið vel í þessa hugmynd og smá saman komst mynd á þetta. Það eru mörg söfn víða um heim sem halda svona viðburði. Í MoMA getur þú farið í jóga á morgnana, þar er til dæmis alltaf troðfullt. Þannig leita söfn leiða til þess að því að færa listina til fólksins."

Hún segir aðstandendur safnsins hafa langað til að fá tækifæri til að teygja út höndina og leiða fólk í gegnum þessi einstöku verk.

„Ef það vill þá leið. Svo má alveg fara á söfn og fara hratt yfir. Það er ekkert að því," segir hún hlæjandi.

Hægt er að nálgast upplýsingar um streymið, sem fram fer þriðjudaginn 17. nóvember, á heimasíðu safnsins, lej.is.

steingerdur@frettabladid.is

Við minnum á vefverslun okkar, 66north.is

Straumnes hanskar

Gore Tex™ Infinium®

Tæknilegir útivistarhanskar úr Gore Tex™ Infinium® með endurskini. Henta vel í alla útivist.

7.900 kr.

Straumnes jakki

Gore Tex™ Infinium®

Dömu- og herrasnið

Hannaður fyrir mikla hreyfingu. Efnið er vatnsfráhrindandi (10.000 mm) og teygist vel. Jakkinn hefur einstaka öndun.

42.000 kr.

Grettir bolur

Polartec™ Power Grid®

Dömu- og herrasnið

Létt hálfrennd peysa úr Polartec® Power Grid® efni með mjög góða öndun. Hentar í alhliða hreyfingu.

14.000 kr.

La Sportiva Helios III

Hlaupaskór

Frábærir alhliða hlaupaskór. Henta vel í náttúruhlaup og á malbikið. Mjúkir og léttir skór með góða dempun.

25.000 kr.

Staðarfell jakki

Polartec® NeoShell®

Dömu- og herrasnið

Frábær fyrir hlaup, hjól, golf og almenna útivist. Jakkinn er úr Neoshell efni sem er vatnsfráhrindandi (10.000 mm) með einstaka öndun.

39.000 kr.

La Sportiva skórnir fást í vefverslun og í verslun okkar Faxafeni 12.

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Litla gula hænan
Steingrímur Arason

Fæst í verslunum okkar
á Selfossi og í Ármúla 42
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar

Kæra Melania

Eins og aðrir þá fylgdist ég með forsetakosningunum síðustu daga. Mér þykir leitt að sjá að þú verðir ekki áfram forsetafrú en græt það ekkert sérstaklega að eiginmaður þinn verði ekki áfram forseti. Þetta var komið gott hjá honum.

Þótt ég hafi ekki kosningarétt í Bandaríkjunum hefði ég hugsanlega kosið Donald fyrir fjórum árum en í nýafstöðnum kosningum hefði það hins vegar ekki hvarflað að mér. Mér finnst ekki mikið til Bidens koma en mér einfaldlega ofbauð framferði Donalds í valdastöðu.

Svo allrar sanngirni sé þó gætt þá gerði hann marga fína hluti á þeim fjórum árum sem hann stýrði landinu. Hann lækkaði skatta, einfaldaði regluverkið og gerði ekki eina einustu innrás í annað ríki, svo dæmi séu nefnd. Afrek hans rötuðu þó sjaldnast á síður fjölmiðlanna og það verður að segjast eins og er að eiginmaður þinn naut alls ekki sannmælis í fjölmiðlum vestan hafs. Að mörgu leyti var það honum sjálfum að kenna. Þegar maður sýnir öðru fólki óvirðingu, kemur fram af hroka og er laus við alla auðmýkt í störfum sínum þá fær maður það stundum óþvegið á endanum. Þrátt fyrir það naut hann hylli fleiri kjósenda nú heldur en fyrir fjórum árum, sem hlýtur að teljast merkilegt.

En nú þarf hann að sýna manndóm og játa sig sigraðan. Þetta er búið. Veit þú ræðir við hann. Nú er Hvíta húsið komið með nýja leigjendur og við taka fasteignahugleiðingar hjá ykkur hjónakornunum. Hvort sem það verður saman eða hvort í sínu lagi þá óska ég ykkur alls hins besta.

Kveðja, Haukur.

Beint í bílinn úr lúgunni
Kvikk ON THE GO | ORKAN

CORNY PROTEIN BAR 45 G
299 KR/STK
6644 KR/KG

Kvikk ON THE GO | ORKAN

MODULAX HVÍLDARSTÓLAR
HÖNNUN OG ÞÆGINDI Á HVERT HEIMILI

FRÍR FLUTNINGUR* UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Í VEFVERSLUN OKKAR

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

PRÓFAÐU ÞÆGINDIN OG SLÖKUNINA SEM ÞÚ FÆRÐ Í NÝJU MODULAX HVÍLDARSTÓLUNUM

MODULAX:
- 3-mótora hvíldarstóll.
- Handvirk og þægileg höfuðpúðastilling 42°
- Innbyggð hleðslu-rafhlaða. Endist 250 sinnum fyrir alla mótora.

SÆKTU APPIÐ MODULAX OG SKOÐAÐU HVERNIG STÓLLINN LÍTUR ÚT Á ÞÍNU HEIMILI.

modulax.be

JAMES
STÓLL MEÐ SKEMLI
verð 149.900

IRIS
RAFSTILLANLEGUR
verð 209.900

PANDORA
RAFSTILLANLEGUR
verð 219.900

Alla Modulax stóla er hægt að sérpanta sem lyftustóla.

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM STILLANLEGUM RAFMAGNSRÚMUM

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

100% SVEFN - 100% HEILSA
Góð hvíld

Svefn & heilsa
★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

OUTLET
FULLT AF NÝJUM VÖRUM
20-50% AFSLÁTTUR

BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | **BALDURSNESI 6, AKUREYRI** s. 461 1150 | **OPIÐ** virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir